

Ofbeldi gegn fötluðum konum

Skýrsla unnin fyrir
Velferðarráðuneytið





Lýsing á rannsókn

Unnið fyrir	Velferðarráðuneytið
Markmið rannsóknar	Að gera grein fyrir eðli ofbeldis gegn fötluðum konum, að kanna við hvers konar aðstæður ofbeldið á sér stað og hvaða afleiðingar það hefur fyrir fatlaðar konur að hafa verið beittar ofbeldi
Dagsetning skýrsluskila	25. mars 2013

Ábyrgðaraðilar

Framkvæmd	Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og Rannsóknasetur í fötlunarfræðum
Undirbúningur og gagnaöflun	Ásdís Aðalbjörg Arnalds Guðný Bergþóra Tryggvadóttir Hrafnhildur Snæfríðar- og Gunnarsdóttir Jarprúður Þórhallsdóttir
Viðtalagreining	Ásdís Aðalbjörg Arnalds Hrafnhildur Snæfríðar- og Gunnarsdóttir
Skýrslugerð	Ásdís Aðalbjörg Arnalds Hrafnhildur Snæfríðar- og Gunnarsdóttir
Yfirllestur og aðstoð við skýrslugerð	Hanna Björg Sigurjónsdóttir María Jónsdóttir Elísabet Karlsdóttir



FORMÁLI

Skýrslan byggir á viðtölum við 13 fatlaðar konur sem höfðu reynslu af margháttuðu ofbeldi í æsku og á fullorðinsárum. Fram komu sögur af líkamlegu og kynferðislegu ofbeldi af hendi fólks sem stóð þeim nærri og einnig var því lýst hvernig vinnulag á heimilum fyrir fatlað fólk vó að sjálfræði þeirra. Efnið er í eðli sínu viðkvæmt og alvarlegt. Skýrsluhöfundar vilja taka fram að sögur kvennanna eru ekki endilega dæmigerðar fyrir líf fatlaðra kvenna almennt. Á sama tíma og við leitumst við að læra af reynslu kvennanna er brýnt að varpa ekki varpa rýrð á það sem vel er gert í starfi með fötluðu fólki. Sögurnar veita hins vegar mikilvæga innsýn í margbreytilega birtingarmynd ofbeldis gegn fötluðum konum, við hvers konar aðstæður það á sér stað og afleiðingarnar sem það hefur.

Þakkir færum við Elísabetu Karlsdóttur, Hönnu Björg Sigurjónsdóttur og Maríu Jónsdóttur fyrir hagnýtar ábendingar og yfirlestur. Síðast en ekki síst færum við þeim konum, sem deildu erfiðri reynslu af ofbeldi, alúðlegar þakkir fyrir framlag þeirra til rannsóknarinnar.

Reykjavík, 2013

Ásdís Aðalbjörg Arnalds og Hrafnhildur Snæfríðar- og Gunnarsdóttir



EFNISYFIRLIT

Markmið rannsóknar	5
Helstu niðurstöður	5
Inngangur	7
<i>Margbreytileg birtingarmynd ofbeldis</i>	7
<i>Ofbeldi á barnsaldri</i>	10
<i>Aðstoð, fræðsla og stuðningur</i>	11
Aðferð	13
<i>Viðtöl</i>	13
<i>Þátttakendur</i>	13
<i>Gagnaöflun</i>	14
<i>Skráning og úrvinnsla gagna</i>	14
<i>Styrkleikar og takmarkanir rannsóknarinnar</i>	14
Niðurstöður	16
Ofbeldi í barnæsku	16
<i>Einelti í skóla</i>	16
<i>Ofbeldi á æskuheimili</i>	19
<i>Ofbeldi utan heimilis</i>	21
<i>Afleiðingar ofbeldis</i>	23
<i>Viðbrögð umhverfis við ofbeldi gegn börnum</i>	24
Ofbeldi í nánum samböndum	26
<i>Viðbrögð umhverfis við ofbeldi í nánum samböndum</i>	28
<i>Kynfræðsla til fatlaðs fólks</i>	30
Valdbeiting ættingja	31
Ofbeldi á stofnunum	34
<i>Ofbeldi af hendi sambýlisfólks</i>	34
<i>Ofbeldi af hálfu starfsfólks</i>	36
<i>Vanræksla í starfi og misbeiting valds</i>	38
<i>Þvingun og valdbeiting af völdum kerfislægra þátta</i>	40
Tengsl ofbeldis og fötlunar	43
Tillögur að úrbótum	47
Heimildir	50



MARKMIÐ RANNSÓKNAR

Að beiðni velferðarráðuneytisins gerðu Félagsvísindastofnun HÍ, Rannsóknasetur í fötlunarfræðum, Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd og MARK – Miðstöð margbreytileika- og kynjarannsóknna viðtalsrannsókn um ofbeldi gegn fötluðum konum.

Meginmarkmið verkefnisins voru:

- Að gera grein fyrir eðli ofbeldis gegn fötluðum konum og fjalla um muninn á því ofbeldi sem einstaklingar beita fatlaðar konur annars vegar og stofnanabundnu ofbeldi hins vegar.
- Að gera grein fyrir því við hvers konar aðstæður ofbeldi gegn fötluðum konum á sér stað.
- Að gera grein fyrir því hvaða afleiðingar það hefur fyrir fatlaðar konur að hafa verið beittar ofbeldi.
- Að gera grein fyrir því hvernig staða fatlaðra kvenna í samfélaginu tengist hættunni á því að þær verði fyrir ofbeldi.
- Að setja fram tillögur um hvernig má fyrirbyggja ofbeldi gegn fötluðum konum.

HELSTU NIÐURSTÖÐUR

- Rannsóknin náði til 13 fatlaðra kvenna sem höfðu reynslu af ofbeldi. Flestar konurnar áttu langa sögu af undirokun og ofbeldi. Ofbeldið var margháttað, allt frá einelti í æsku til kynferðislegs ofbeldis af hendi maka eða starfsfólks á heimilum fatlaðs fólks.
- Allar konurnar höfðu upplifað ofbeldi í barnæsku af einhverjum toga. Auk þeirra kvenna sem höfðu orðið fyrir einelti höfðu fjórar konur orðið fyrir miklu andlegu- líkamlegu- og kynferðislegu ofbeldi á æskuheimilinu og fimm fyrir kynferðislegu ofbeldi af hendi einhvers sem stóð utan við fjölskylduna.
- Flestir viðmælendur urðu fyrir einelti í barnaskóla. Þeim fannst aðilar innan skólans hafa sýnt litla viðleitni til að styðja þær og voru á þeirri skoðun að skólakerfið hafi brugðist sér. Eineltið hafði neikvæð áhrif á heilsu þeirra og líðan í barnæsku auk þess sem það hafði mótandi áhrif á þær á fullorðinsárum.



-
- Konurnar, sem höfðu verið beittar ofbeldi á æskuheimilinu, fengu lítinn stuðning frá nærumhverfinu við að reyna að brjótast út úr þeim aðstæðum sem þær voru í. Það virðist hafa ríkt ákveðið andvaraleysi eða þegjandi samkomulag í umhverfinu um að skipta sér ekki af málum sem áttu sér stað innan veggja heimilanna.
 - Nokkrar kvennanna höfðu verið sendar í fóstur sem börn. Þær lýstu erfiðleikum í samskiptum við fósturforeldrana sem bendir til þess að því hafi fylgt álag að mynda tilfinningaleg tengsl við nýja foreldra.
 - Fimm konur deildu reynslu sinni af því að verða fyrir ofbeldi af hendi eiginmanns eða kærasta. Fram komu lýsingar á andlegu, fjárhagslegu, kynferðislegu og líkamlegu ofbeldi. Ofbeldið einkenndist af valdaójafnvægi milli kvennanna og maka þeirra, sem notfærðu sér það að vera í ráðandi stöðu í sambandinu. Lýsingar kvennanna benda til þess að viðbrögð nærumhverfisins hafi verið af skorum skammti og að þær hafi ekki fengið nægan stuðning til að brjótast út úr ofbeldissamböndunum.
 - Í viðtölunum kom fram að skortur væri á fræðslu til kvenna með þroskahömlun um hvað einkennir heilbriggt kynlíf og gott parasamband. Fáar höfðu fengið kynfræðslu og kallað var eftir fræðslu sem væri sérsniðin að þörfum þessa hóps.
 - Konurnar lýstu því hvernig afskiptasemi fjölskyldu kom í veg fyrir að þær réðu eigin lífi. Því var lýst hvernig þær urðu fyrir þrýstingi frá fjölskyldumeðlimum um að fara í ófrjósemisaðgerð og fóstureyðingu og hvernig fjölskyldan réði því hvernig búsetumálum þeirra væri háttað.
 - Nokkrar þeirra kvenna sem höfðu búið á sambýlum og í sjálfstæðri búsetu með stuðningi lýstu því að hafa orðið fyrir ofbeldi af hendi sambýlisfólks eða starfsfólks stofnananna. Oftast var um líkamlegt ofbeldi að ræða en einnig komu fram lýsingar á andlegu og kynferðislegu ofbeldi.
 - Mörgum kvennanna fannst vinnureglur á sambýlum og öðrum stofnunum vega að sjálfstæði og sjálfræði sínu.
-

INNGANGUR

Ofbeldi gegn konum er alþjóðlegt vandamál sem herjar á konur um allan heim (WHO, 2012a). Kynbundið ofbeldi fyrirfinnst í öllum samfélögum en er dulið þar sem það á sér gjarnan stað bak við luktur dyr heimilisins. Samkvæmt niðurstöðum könnunar sem Rannsóknarstofnun í barna- og fjölskylduvernd vann að beiðni Félags- og tryggingarmálaráðuneytisins hafa um það bil 21% kvenna á aldrinum 18 til 80 ára einhvern tíma verið beittar ofbeldi í nánu sambandi frá 16 ára aldri. Um 20% kvennanna höfðu verið beittar líkamlegu ofbeldi og 6% kynferðislegu ofbeldi. Tæplega 5% höfðu orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi í formi nauðgunar eða tilraunar til nauðgunar (Elísabet Karlsdóttir og Ásdís A. Arnalds, 2010). Rannsóknir sýna að fatlaðar konur eru líklegri til að verða fyrir ofbeldi en aðrir hópar samfélagsins (Barrett, O'Day, Roche og Carlson, 2009; Brownridge, Ristock og Hiebert-Murphy, 2008; Copel, 2006; Martin et. al, 2006; Smith, 2008). Fatlaðar konur eru jafnframt líklegri til að þola ofbeldi yfir lengri tíma (Nosek, Howland, Rintala, Young og Chanpog, 2001) og verða jafnvel fyrir margskonar ofbeldi á lífsleiðinni af hálfu ólíkra gerenda, t.d. foreldra í æsku og svo maka á fullorðinsárum (Copel, 2006; Thiara, Hague, Bashall, Ellis og Mullender, 2012). Rannsóknir á umfangi ofbeldis í nánum samböndum benda til að fatlaðar konur séu líklegri til að hafa þolað ofbeldi af hendi maka eða kærasta en aðrar konur. Í rannsókn Barrett, O'Day, Roche og Carlson (2009) kom í ljós að ríflega þriðjungur fatlaðra kvenna hafði verið beittur líkamlegu eða kynferðislegu ofbeldi í nánu sambandi samanborið við 21% ófatlaðra kvenna.

Margbreytileg birtingarmynd ofbeldis

Rannsakendur hafa á síðustu áratugum varpað ljósi á mikið og margbreytilegt ofbeldi sem steðjar að fötluðum konum. Auk þess að verða fyrir samskonar ofbeldi og ófatlaðar konur eru þær í aukinni hættu á að verða fyrir ofbeldi vegna skerðinganna sem þær búa við og stöðu þeirra í samfélaginu (Cramer, Gilson og DePoy, 2008; Curry, Hassouneh-Phillips og Johnston-Silverberg, 2001; Plummer og Findley, 2012). Skerðingar geta komið í veg fyrir að fatlaðar konur geti varið sig. Til að mynda geta tjáskiptaörðugleikar hamlað konum í að sýna reiði og stöðva ofbeldisfullar aðstæður. Þá skiptir sjálfsmat kvenna og tengsl þeirra við aðra, sköpum þegar kemur að því að brjótast út úr ofbeldissamböndum. Fatlaðar konur eru líklegri til að vera með lágt sjálfsmat og búa við félagslega einangrun en ófatlaðar konur (Nosek, Hughes, Swedlund, Taylor og Swank, 2003). Fólk mótar sjálfsmynd sína með samskiptum við aðra og fatlaðar konur verða varar við neikvæð viðhorf í sinn garð. Lágt sjálfsmat og skortur á sjálfstrausti getur aftur valdið því að fatlaðar konur þora síður að veita mótspyrnu og standa á rétti sínum (Cramer, Gilson og Depoy, 2008). Slíkt getur orðið til þess að draga úr líkum á að ofbeldið uppgötvist og einangrunin gerir það að verkum að erfitt er fyrir konur að fá stuðning til að flýja ofbeldissambönd (Smith, 2008).

Algengt er að fatlaðar konur sem verða fyrir ofbeldi af hálfu maka, vinar eða einhvers úr fjölskyldu tilkynni það ekki. Ástæðan getur verið samviskubit og skömm eða hræðsla við slíta áralöngu sambandi. Í eiginlegri rannsókn Hague, Thiara, Magowan og Mullender (e.d.) voru viðmælendur meðvitaðir um neikvæð viðhorf í sinn garð. Það kom í veg fyrir að þær tilkynntu ofbeldið og hafði áhrif á hvernig þær upplifðu og tókust á við aðstæðurnar. Þær kusu að tilkynna ekki af ótta við að missa sjálfstæði sitt og að börnin yrðu tekin frá þeim. Konurnar höfðu orðið varar við ríkjandi hugmyndir samfélagsins um að fatlaðar konur væru kynlausar og ættu ekki heima í samböndum. Fyrir vikið töldu þær sig eiga að vera þakklátar fyrir það að einhver vildi vera með þeim og annast þær og töldu ofbeldið vera óviðráðanlegt og þeim sjálfum að kenna. Önnur ástæða fyrir því að fatlaðar konur tilkynna ekki um ofbeldi er hræðsla við að þeim verði ekki trúað (Cramer, Gilson og Depoy, 2008; Hague, Thiara, Magowan og Mullender, e.d.). Konur í rannsókn Hague, Thiara, Magowan og Mullender (e.d.), sem upplifðu ofbeldi í nánnum samböndum og fengu aðstoð eða umönnun frá fagfólki þótti erfitt að tilkynna um ofbeldi þar sem þeim fannst fagfólk taka málstað makans. Þær lýstu því hvernig fagfólk hrósaði gjarnan makanum og dró upp jákvæða mynd af þeim af tilefnislausu. Fyrir vikið upplifðu konurnar að þeim yrði ekki trúað ef þær tilkynntu um ofbeldið.

Fatlaðar konur þurfa gjarnan að reiða sig á aðstoð fjölskyldu, starfsfólks eða annarra aðila. Í sumum tilvikum þurfa fatlaðar konur aðstoð við persónulegar athafnir, svo sem við að klæða sig, baða sig og við salernisferðir. Við þess háttar aðstæður getur myndast valdaójafnvægi sem ýtir undir og viðheldur kúgun og misnotkun. Konan getur upplifað sig háða ofbeldismanninum og hafi lítið vald til að breyta aðstæðum (Smith, 2008). Umönnunaraðilar, hvort sem það eru makar, fjölskyldumeðlimir eða starfsfólk, eru í aðstöðu til að geta beitt ofbeldi af ýmsu tagi. Auk líkamlegs- og kynferðislegs ofbeldis eiga fatlaðar konur á hættu að verða fyrir umönnunartengdu ofbeldi, en það hugtak hefur verið notað yfir ofbeldi þar sem starfsfólk eða fjölskyldumeðlimir nýta sér það að vera í valdastöðu gagnvart því fólki sem það aðstoðar. Það getur meðal annars falist í því að fötluðu fólki er neitað um nauðsynleg lyf eða aðstoð, aðgengi þess að fólki og upplýsingum er takmarkað, persónulegar þarfir þess eru vanræktar og stuðlað að félagslegri einangrun þeirra (Copel, 2006; Plummer og Findley, 2012). Í rannsókn Cramer, Gilson og Depoy (2008) lýstu fatlaðar konur því hvernig ófatlað aðstoðarfólk og fjölskyldumeðlimir misnotuðu vald sitt og stöðu með því að notfæra sér réttindi og sérúrræði sem ætluð voru fötluðu fólki svo sem með því að taka og notfæra sér bílastæðakort án vitundar eiganda þess. Konur sem búa á sambýlum, nýta þjónustu á borð við liðveislu eða frekari liðveislu, dvelja á sjúkrastofnunum eða í sjálfstæðri búsetu með stuðningi eiga á hættu að verða fyrir ofbeldi af hálfu umönnunaraðila (Brynja Örlygsdóttir, 2010; Copel, 2006). Umönnunartengt ofbeldi getur verið af ýmsum toga. Ef meðferð við veikindum veldur óþarfa sársauka er ofbeldið líkamlegt. Starfsfólk sem talar niður til fatlaðs fólks beitir andlegu ofbeldi. Dæmi um umönnunartengt kynferðislegt ofbeldi er þegar starfsfólk

stofnunar áreitir þá sem nýta sér þjónustuna. Þá er vanræksla ein hlið á ofbeldi sem getur t.d. falist í því að fatlað fólk fær ekki þá þjónustu sem það á rétt á (Olsvik, 2006).

Ljóst er að ofbeldi er aðstæðubundið og það sem í sumum kringumstæðum er ekki skilgreint sem slíkt, telst ofbeldi þegar tekið er tillit til valdaójafnvægis sem ríkir meðal þeirra sem í hlut eiga. Í sumum tilvikum er jafnframt ekki hægt að benda á ákveðinn geranda sem vísvitandi beitir ofbeldi, heldur er ofbeldið afleiðing af viðurkenndu verklagi og starfsháttum. Í þeim tilvikum er gjarnan talað um stofnanabundið eða kerfislægt ofbeldi (Olsvik, 2006). Stofnanabundið ofbeldi er afleiðing kerfisbundinna þátta (s.s. ákvarðanatöku innan stjórnsýslu eða viðteknu verklagi innan stofnanna) sem viðhalda valdaójafnvægi milli fatlaðs fólks annars vegar og heilbrigðisstarfsfólks, starfsfólks í skólum eða öðrum stofnunum samfélagsins hins vegar. Vilborg Jóhannsdóttir og Freyja Haraldsdóttir hafa bent á að þjónustukerfi sem byggist á verklagi þar sem fatlað fólk er útilokað frá allri ákvarðanatöku ýti undir kerfislægt ofbeldi. Í viðtölum þeirra við fatlað fólk á Íslandi kom í ljós að „sú þjónusta sem er veitt er oft í hrópandi ósamræmi við þarfir, væntingar, kröfur og lífstíl fatlaðs fólks þar sem það stjórnar ekki hvernig þjónustan er uppbyggð og hver veitir aðstoð, hvar og hvernig.“ (Vilborg Jóhannsdóttir og Freyja Haraldsdóttir, 2011, bls. 137).

Önnur birtingamynd stofnanaofbeldis eru lagasetningar sem afneita réttindum fatlaðs fólks. Dæmi um slíkt eru lög sem heimiluðu ófrjósemisaðgerðir á einstaklingum með þroskahömlun og geðræna erfiðleika. Í skýrslu heilbrigðisráðherra um ófrjósemisaðgerðir sem gerðar voru árin 1938 - 1975 (Þingskjal 1055) er fjallað um ófrjósemisaðgerðir sem framkvæmdar voru á Íslandi á fötluðum einstaklingum. Íslenskar rannsóknir sem byggja á viðtölum við fatlaðar konur sýna að aðgerðirnar voru oft framkvæmdar án þeirra vitundar eða undir fölsku yfirskini (Guðrún V. Stefánsdóttir, 2011; Hanna Björg Sigurjónsdóttir og Rannveig Traustadóttir, 2001). Í viðtölum Guðrúnar V. Stefánsdóttur við konur með þroskahömlun sem hafði verið gert að fara í ófrjósemisaðgerðir kom fram að mörgum árum seinna fundi konurnar enn fyrir reiði, skömm og sorg og upplifðu að brotið hafi verið á sjálfræði þeirra.

Viðhorf til seinfærra mæðra og fjölskyldna hefur breyst mikið á síðustu áratugum. Einstaklingar með þroskahömlun eru stór og fjölbreyttur hópur og ljóst er að greiningin segir lítið um hæfni fólks til að annast börn sín. Sýnt þykir að margir seinfærir foreldrar geti staðið sig vel í uppeldishlutverki fái þeir til þess þann stuðning sem þeir þurfa (Hanna Björg Sigurjónsdóttir og Rannveig Traustadóttir, 2001). Í bók Hönnu Bjargar Sigurjónsdóttur og Rannveigar Traustadóttur (2001) kemur fram að þjónustan sem félagsþjónustan veitir seinfærum foreldrum sé misjöfn eftir starfsstöðvum. Sums staðar sé mjög vel staðið að stuðningi til seinfærra foreldra en einnig megi finna leifar gamalla viðhorfa og að sérþekkingu vanti til að mæta betur þörfum fjölskyldna. Ímynd félagsþjónustunnar er oft neikvæð í hugum seinfærra mæðra sem finnst einkalíf þeirra lítils virt og ákvarðanir er varða fjölskylduna teknar úr höndum sínum. Þær lýsa því jafnframt að afskipti

félagsþjónustunnar vekir með þeim kvíða og hræðslu og að þær óttist það að börn þeirra verði tekin fyrirvaralaust. Seinfærar mæður upplifa því fordóma í sinn garð, bæði frá fjölskyldum sínum og stuðningsaðilum (Hanna Björg Sigurjónsdóttir og Rannveig Traustadóttir, 2001; Mayes, Llewellyn og McConnell, 2006).

Ofbeldi á barnsaldri

Mikið hefur verið ritað um hvernig ofbeldi gegn börnum er falið innan veggja heimilanna. Þegar fötluð börn eiga í hlut getur reynst enn erfiðara að brjótast úr viðjum ofbeldisins. Jones o.fl. (2012) tóku saman niðurstöður 17 rannsókna á umfangi ofbeldis gegn fötluðum börnum sem gerðar voru á árunum 1990 til 2010. Með því að taka saman niðurstöður rannsókna og reikna meðaltals-hlutfall komust rannsakendur að því að um 20% fatlaðra barna höfðu verið beitt líkamlegu ofbeldi og 14% höfðu verið beitt kynferðislegu ofbeldi. Rannsóknirnar sýndu að fötluð börn eru líklegri til að verða fyrir ofbeldi en ófötluð börn. Viðkvæmasti hópurinn voru börn með þroskahömlun, en þau voru í talsvert meiri hættu á að verða fyrir ofbeldi en önnur fötluð börn. Auk þess að verða fyrir heimilisofbeldi, líkt og önnur börn, þurfa mörg fötluð börn að auki að þola margskonar álag. Þar má til dæmis nefna að fötluð börn sem hafa verið beitt ofbeldi af foreldrum eru líklegri en ófötluð börn til að vera komið í fóstur til einhvers sem stendur utan við fjölskylduna, búa við bágar húsnæðisaðstæður og fjárhagsáhyggjur foreldra og eiga foreldra sem eru veikir eða misnota áfengi eða fíkniefni (Sullivan og Knutson, 2000).

Fötluð börn eru einnig beitt ofbeldi af hendi þeirra sem eiga að veita þeim aðstoð eða þjónustu. Samkvæmt Sobsey og Doe (1991) aukast líkur á að barn verði fyrir ofbeldi eftir því sem fleiri koma að umönnun barnsins. Algengt er að fötluð börn þurfi að vera í samskiptum við fjölmarga umönnunaraðila, þar með talið lækna, þjálfara og fólk sem veitir heimaþjónustu. Börn sem þurfa aðstoð við persónulegt hreinlæti eins og við böðun, klæðnað og salernisferðir eru sérstaklega berskjölduð. Þó hefur verið bent á að ofbeldi af hálfu umönnunaraðila einskorðist ekki við slíkar aðstæður, heldur geta læknar einnig misnotað aðstöðu sína þegar barn fer í hefðbundna lækni skoðun. Læknir kann að skoða barnið á ónærgætinn hátt sem getur verið mikill streituvaldur fyrir barnið (Westcott og Cross, 1996). Loks hefur verið bent á að skólar geti verið vettvangur ofbeldis gegn börnum. Rannsóknir sýna hins vegar að fötluð börn eru líklegri til að verða fyrir einelti en önnur börn. Einnig hefur sýnt sig að fötluð börn í sérskólum og sérbekkjum verða fyrir meira einelti en fötluð börn í skólum sem byggja á hugmyndum um aðgengi fyrir alla. Rannsóknir á einelti gegn fötluðum börnum eru hins vegar enn á byrjunarstigi og skilgreining hugtaksins ennþá til umræðu meðal rannsakenda (Rose, Monda-Amaya, Esgelage, 2010).

Aðstoð, fræðsla og stuðningur

Ofbeldi getur leitt af sér ýmiskonar heilsufarsvandamál og vanlíðan. Þekktar afleiðingar eru meðal annars þunglyndi, kvíðaköst og áfengis- og lyfjanotkun. Alvarlegustu afleiðingarnar eru svo sjálfsvígstilraunir (Svavarsdóttir og Orlygsdóttir, 2008). Rannsóknir á heimilisofbeldi sýna að fatlaðar konur meta andlega- og líkamlega heilsu sína verri en fatlaðar konur sem ekki hafa verið beittar ofbeldi (Barrett, O'Day, Roche og Carlson, 2009; Brownridge, Ristock og Hiebert-Murphy, 2008; Svavarsdóttir og Orlygsdóttir, 2008). Rannsóknir sýna að afleiðingarnar verða alvarlegri eftir því sem ofbeldið byrjar fyrr á lífsleiðinni og eftir því sem tímabilið sem ofbeldið stendur yfir er lengra (Olsvik, 2006, Copel, 2006). Kerfislægt ofbeldi hefur einnig alvarlegar afleiðingar fyrir þá sem fyrir því verða. Valdaójafnvægið sem ríkir innan ákveðinna skipulagsheilda og samfélagsins í heild hafa áhrif á fatlað fólk og það fer að trúa því að það sé minna virði en aðrar manneskjur. „Umhverfið stuðlar þannig að því að fötluð manneskja er svipt mennsku sinni og knúin til að skilgreina sig einungis út frá líkamlegri eða andlegri skerðingu.“ (Vilborg Jóhannsdóttir og Freyja Haraldsdóttir, 2011, bls. 146)

Ljóst er að fötlun verður til í félagslegu samhengi, það er í samspili einstaklings og umhverfis. Af þeim sökum er mikilvægt að skoða hvernig umhverfið skapar hindranir og erfiðleika í lífi fatlaðs fólks fremur en að einblína á skerðinguna (Howe, 2000; Rannveig Traustadóttir, 2006; Tøssebro, 2004). Ofbeldi er einn þeirra þátta sem getur ýtt undir og aukið á fötlun. Sem dæmi getur andlegt ofbeldi stuðlað að vanlíðan og félagslegri einangrun og fjárhagslegt ofbeldi ýtt undir ósjálfstæði og undirgefni. Í ljósi þess að ofbeldi hefur alvarlegar afleiðingar fyrir þá sem fyrir því verða er mikilvægt að huga að því hvernig hægt er að skapa félagslegt umhverfi sem styður við þolendur ofbeldis og dregur úr líkum á að það eigi sér stað.

Einn liður í því að hjálpa konum að brjótast úr viðjum ofbeldis er að efla sjálfstæði þeirra. Mays (2007) hefur bent á að fjárhagslegt öryggi og félagsleg þátttaka séu þættir sem stuðli að sjálfstæði fatlaðra kvenna. Algengt er að fatlaðar konur séu háðar mökum sínum eða öðrum fjölskyldumeðlimum um fjárhagslegt öryggi og slíkt getur aukið á kúgun og ofbeldi. Því er brýnt að vinna gegn félagslegri einangrun og stuðla að þéttu stuðningsneti. Mays bendir enn fremur á að niðurskurður í velferðar- og heilbrigðiskerfinu sem bitnar á högum og fjárhagslegu öryggi fatlaðra kvenna geti haft slæmar afleiðingar fyrir fatlaðar konur sem búa við heimilisofbeldi. Mikilvægt er því að niðurskurður í velferðar- og heilbrigðiskerfinu bitni ekki á aðgengi fatlaðra kvenna að heilbrigðis- og félagsþjónustu og fræðslu til þeirra sem sem starfa á slíkum vettvangi.

Til að styðja við sjálfstæði fatlaðra kvenna þarf enn fremur að byggja þjónustu við fatlað fólk þannig upp að það hafi vald yfir eigin lífi. Þegar fatlað fólk er útilokað frá ákvarðanatöku er hætt við að úr verði kerfi sem einkennist af undirokun þeirra sem þjónustuna nýta. Það er þess vegna



mikilvægt að byggja upp kerfi sem styður sjálfstæðar ákvarðanir þar sem þjónustunotendur hafa vald yfir því hvers konar þjónusta er veitt. Vilborg Jóhannsdóttir og Freyja Haraldsdóttir (2011) hafa bent á að fatlað fólk geti haft möguleika á sjálfstæði og fullri þátttöku í samfélaginu með notendastýrðri persónulegri aðstoð. Slík stuðningsaðgerð leggur áherslu á að fatlað fólk hafi stjórn, val og möguleika til fullrar þátttöku í samfélaginu. Þjónustunotendur ákveða sjálfir hverjir veita aðstoðina, við hvað aðstoðin er veitt og hvenær.

Sjálfstæði verður einnig eflt með aukinni fræðslu. Hanna Björg Sigurjónsdóttir og Rannveig Traustadóttir (2001) hafa bent á þörf fyrir kynfræðslu til seinfærra kvenna. Að þeirra mati er fræðslu um getnaðarvarnir og barneignir ábótavant. Í meistararannsókn Maríu Jónsdóttur (2010) um kynverund og kynfræðslu fólks með þroskahömlun kom fram að viðmælendur skorti skilning og þekkingu á kynlífi og færni til að bera kennsl á hættulegar aðstæður. Án viðhlítandi fræðslu reynist fólki með þroskahömlun erfitt að átta sig á og þekkja einkenni kynferðislegrar misnotkunar.

Mannréttindasáttmáli Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks á að tryggja að allir hafi sömu réttindi og tækifæri og koma í veg fyrir að fólki sé mismunað. Íslendingar skrifuðu undir sáttmálann árið 2007 og hafa skuldbundið sig til að innleiða hann. Krafa er sú að umhverfið og samfélagið komi til móts við mannlegan margbreytileika og ólíkar þarfir samfélagsþegna. Um leið er gerð sú krafa að stuðningur sem veittur er þolendum ofbeldis sé sniðinn að ólíkum þörfum fólks. Bent hefur verið á bágborið aðgengi fyrir fatlað fólk að stofnunum og samtökum sem styðja þolendur ofbeldis. Í sumum tilvikum vita konur ekki hvert þær geta leitað og telja slík samtök ekki vera fyrir fatlaðar konur (Hague, Thiara, Magowan og Mullender, e.d.). Þetta hefur einnig komið fram í skýrslum Rannsóknastofnunar í barna- og fjölskylduvernd um þjónustu félagasamtaka (Guðrún Helga Sederholm, 2010) og viðbrögðum félagsþjónustu og barnaverndar við ofbeldi gegn konum (Anni G. Haugen, 2009). Í ljós kom að húsnæði Kvennaathvarfsins bauð ekki upp á þjónustu við hreyfihamlaðar konur og aðgengi að húsnæði Stígamóta var ábótavant. Viðmælendur sem sinntu störfum félagasamtaka töldu aðgengi fyrir fatlaðar konur ekki gott og innan félagsþjónustunnar var kallað eftir aukinni sérhæfingu og að skipaður yrði sérstakur trúnaðarmaður sem tæki að sér mál fatlaðra kvenna sem höfðu orðið fyrir ofbeldi.

AÐFERÐ

Viðtöl

Eins og fram hefur komið hafa tölfræðilegar rannsóknir sýnt að fatlaðar konur eru líklegri til að verða fyrir ofbeldi en aðrir samfélagshópar. Í ljósi þess var ákveðið að gera eigindlega viðtalsrannsókn með það að marki að öðlast þekkingu og skilning á reynslu fatlaðra kvenna sem orðið hafa fyrir ofbeldi. Eigindlegar rannsóknir eiga það sammerkt að beinast yfirleitt að fáum þátttakendum og henta vel þegar markmiðið er að öðlast djúpan skilning á lífi fólks og reynslu útfra sjónarhóli þess sjálfs (Bogdan og Biklen, 1998). Í eigindlegum viðtölum er umræðuefnið yfirleitt fyrirfram ákveðið en innihald samræðnanna ekki. Rannsakandinn hvetur viðmælanda sinn til að tala um það sem skiptir máli fyrir rannsóknina, en gefur honum jafnframt tækifæri á að tala frjálsglega út frá eigin sjónarhorni. Af þeim sökum eru viðtölin ólík frá einum þátttakenda til annars þó viðfangsefnið sé hið sama. Viðtölin veita þannig upplýsingar um hvað er mikilvægt fyrir tiltekinn félagshóp, hvaða merkingu hann leggur í það sem verið er að rannsaka og hvernig fólk skilur og skilgreinir tiltekna hluti (Kvale, 1996).

Þátttakendur

Rannsóknin beindist að fötluðum konum sem höfðu mátt þola ofbeldi af einhverju tagi. Til að komast í tengsl við þátttakendur var leitað til einstaklinga sem starfa með fötluðu fólki og þeir beðnir um að hafa samband við konur sem þeir vissu til að hefðu orðið fyrir ofbeldi og væru líklegar til að vilja deila reynslu sinni af því. Haft var samband við þær konur sem sýndu þátttöku áhuga og var tilgangur rannsóknarinnar útskýrður. Þessar upplýsingar voru einnig veittar á skriflegu formi í upplýsingabréfi til þátttakenda.

Á tímabilinu frá október 2012 til janúar 2013 var rætt við 10 fatlaðar konur sem höfðu orðið fyrir ofbeldi af einhverju tagi. Auk þess var gerð ítarleg greining á þremur viðtölum sem tekin voru við fatlaðar konur árið 2011. Viðtölin höfðu verið tekin í þeim tilgangi að meta þjónustu við fatlað fólk fyrir flutning þjónustunnar frá ríki til sveitarfélaga en þar komu jafnframt fram upplýsingar um ofbeldi sem viðmælendur höfðu orðið fyrir. Þátttakendur voru því 13 talsins. Við val á þátttakendum var lögð áhersla á að konurnar endurspegluðu að sem mestu leyti þann fjölbreytileika sem er að finna meðal fatlaðra kvenna, meðal annars með tilliti til aldurs, búsetu og skerðingar. Af konunum 13 voru fimm með fleiri en eina skerðingu, níu voru með þroskahömlun, tvær með hreyfihömlun, þrjár með geðröskun og ein með sjónskerðingu. Sex kvennanna bjuggu sjálfstætt á eigin vegum og sjö á sambýlum eða í þjónustuíbúðum fyrir fatlað fólk þar sem þær

fengu þjónustu starfsfólks. Yngsta konan var rúmlega tvítug og sú elsta var rúmlega fimmtug. Í umfjöllun um niðurstöður síðar í skýrslunni er öllum konunum gefin gervinöfn.

Gagnaöflun

Rannsakendur höfðu samband við þátttakendur símleiðis og gerðu grein fyrir markmiðum og tilgangi rannsóknarinnar og umræðuefni viðtals. Þá var þeim boðið að velja stund og stað fyrir viðtalið. Í upphafi viðtals var síðan ítrekað við konurnar að þær þyrftu ekki að svara því sem þær vildu ekki svara og að þeim væri frjálst að hætta þátttöku í rannsókninni á hvaða stigi hennar sem væri. Þá undirrituðu konurnar eyðublað um upplýst samþykki fyrir viðtalið.

Í viðtölunum var lögð megináhersla á að gefa þátttakendum færi á að tala um það sem þeim sjálfum fannst skipta máli varðandi ofbeldið sem þær höfðu orðið fyrir og í þeirri röð sem þeir óskuðu. Viðtölin hófust gjarna á opinni spurningu um æsku og uppvöxt kvennanna. Þessu var síðan fylgt eftir með spurningum og umræðum er snéru að aðstæðum þeirra í dag og samskiptum þeirra við sína nánustu áður en talið barst að líkamlegu og kynferðislegu ofbeldi sem þær höfðu orðið fyrir. Reynt var að skapa afslappað andrúmsloft með því að leyfa viðmælendum að hafa stjórn á aðstæðum. Þannig líktist viðtalið fremur samtali en formlegu viðtali. Í lok viðtalanna voru konurnar spurðar hvort þær hefðu eitthvað sem þær vildu bæta við og þeim þannig gefinn kostur á að koma á framfæri efni sem skipti þær sjálfar máli en tengist ekki endilega spurningum rannsakanda.

Skráning og úrvinnsla gagna

Öll viðtölin voru hljóðrituð, með samþykki viðmælenda, og þau síðan afrituð orðrétt. Hvert viðtal var lesið vandlega yfir og meginatriði þess dregin fram með því að merkja textabúta eftir innihaldi, en slík vinnuaðferð kallast kóðun. Í framhaldi voru kóðanir allra viðtalanna flokkaðar í meginþemu og undirþemu. Meginþemun snéru að ofbeldi í barnæsku, ofbeldi í nánnum samböndum, valdbeitingu ættingja, umönnunartengdu ofbeldi og ofbeldi á stofnunum.

Styrkleikar og takmarkanir rannsóknarinnar

Í eigindlegum rannsóknum aflar rannsakandi gagna án milliliða og án þess að nota spurningar sem fela í sér fyrirframgefna svarmöguleika. Með aðferðinni var því unnt að ræða við viðmælendur almennt um ofbeldi og eðli þess og þannig var leitast við að tryggja að þátttakendur skildu umræðuefnið.

Annar styrkur rannsóknarinnar er að hún gefur mynd af fjölbreyttum hópi fatlaðra kvenna. Annmarkar rannsóknarinnar felast aftur á móti í því hvað viðmælendur eru fáir, sér í lagi í ljósi



Þess að fatlaðar konur eru fjölbreyttur hópur og að ofbeldi sem þær verða fyrir er margbreytilegt. Niðurstöðurnar gefa þó góða mynd af eðli og umfangi ofbeldisins sem konurnar höfðu orðið fyrir og afleiðingum þess. Þó að aðeins sé um 13 konur að ræða geta sögur þeirra gefið okkur góðar vísbendingar um það fjölpætta og alvarlega ofbeldi sem fatlaðar konur hafa orðið fyrir og eiga á hættu að verða fyrir.

NIÐURSTÖÐUR

Í þessum hluta er gerð grein fyrir niðurstöðum rannsóknarinnar og fjallað um helstu atriði sem fram komu við greiningu gagnanna. Þau meginþemu sem komu fram í viðtölunum eru ofbeldi í barnæsku, ofbeldi í nánnum samböndum, valdbeiting ættingja, ofbeldi á stofnunum og tengsl ofbeldis og fötlunar.

OFBELDI Í BARNÆSKU

Konurnar áttu það sameiginlegt að eiga langa sögu um ofbeldi. Allar höfðu orðið fyrir ofbeldi í barnæsku af einhverjum toga. Oft var um að ræða einelti í skóla, þrjár lýstu því að hafa orðið fyrir kynferðislegri misnotkun og einnig komu fram dæmi um alvarlega vanrækslu á æskuheimilum.

Einelti í skóla

Af 13 konum sem rætt var við höfðu 10 orðið fyrir einelti í æsku. Flestar lýstu einelti sem átti sér stað í hverfissskóla þeirra en tvær höfðu orðið fyrir einelti í sérskóla fyrir fötluð börn. Eineltið birtist fyrst og fremst í því að þær voru uppnefndar og útilokaðar frá þátttöku í því sem skólasystkinin fengust við. Þetta var verst í frímínútum þar sem þær voru skildar útundan og þeim strítt. Þær lýstu því að hafa verið einar mestan hluta skólatímans þar sem enginn samnemandi hafi gefið sig á tal við þær eða kært sig um félagsskap þeirra. Eineltið fólst einnig í að útiloka þær frá þátttöku í skemmtunum sem fram fóru utan skóla.

Mér var aldrei boðið í bekkjapartí, ég var látin horfa á í rauninni bekkjapartí sem voru í húsi á móti. Það var sagt við mig í tímum „já, þú mætir ekki.“

Konurnar lýstu því að hafa orðið fyrir og verið hótað líkamlegu ofbeldi. Ein konan hafði til að mynda verið kaffærð í skólasundi og önnur lenti ítrekað í því að vera hrint í drullupoll og þurfa að ganga heim til að skipta um föt. Aðrar birtingamyndir líkamlegs ofbeldis voru þær að rífið var í hár þeirra í frímínútum eða sparkað í þær. Hótun um líkamlegt ofbeldi birtist í athugasemdum skólasystkinanna um að ef þær segðu frá stríðninni yrðu þær barðar. Önnu var hótað líkamlegu ofbeldi ef hún yrði ekki við kröfum nokkurra bekkjarsystra um að láta þær hafa pening:

Þau stálu frá mér pening, létu mig kaupa sígarettur. Ef ég gerði það ekki þá yrði ég barin.

Svo virðist sem eineltið hafi verið útbreitt innan skólanna. Gerendur voru ekki eingöngu bekkjarfélagar heldur einnig nemendur úr öðrum árgögnum. Birna og Fríða lýstu því báðar hvernig yngri börn hafi tekið þátt í stríðninni. Í eftirfarandi tilvitnun lýsir Birna því hvað sér hafi þótt erfitt þegar yngri börn fóru að stríða henni, enda stríðir það gegn ríkjandi stigskiptingu í skólum.



Þetta voru bara bekkja krakkarnir sem voru þarna. Bara bekkurinn aðallega. Strákarnir í bekknum. Aðallega þeir. Svo kom fyrir að yngri börnin í skólanum gerðu þetta líka og þá fór manni að líða illa sko. Þannig að. Kannski bræður eða systur þeirra og og kannski eldri bekkingar líka sem voru að þessu sko.

Konurnar lýstu því að hafa staðið varnarlausar frammi fyrir ofbeldinu. Sumar reyndu að spyrna við fótum og stöðva eineltið með því að láta kennara og skólastjórnendur vita, en aðrar kusu að segja ekki frá af ótta við að verða fyrir frekara ofbeldi. Í þeim tilvikum þar sem skólayfirvöld og kennarar vissu af eineltinu fannst konunum lítið sem ekkert vera gert í málinu. Viðhorfið var á þá leið að vandamálið væri barnanna að leysa. Þannig upplifði Anna aðgerðarleysi skólayfirvalda á þann hátt að verið væri að skella skuldinni á hana sjálfa, þolandann.

Það var ekkert gert í þessu, það var engum refsað, það var eitthvað að hjá mér. Amma mín hringdi eitt skipti en það dugði ekki. Skólastjórinn þorði aldrei að taka á málunum.

Vert er að taka fram að liðin eru fimmtán til tuttugu ár frá því að konurnar voru í grunnskóla og að á þeim tíma var minni meðvitund um einelti meðal barna. Í tilfelli Hönnu reyndu skólastjórnendur og kennarar að fá börnin til að láta af stríðninni. Að sögn Hönnu var þó lítið um markvissa íhlutun og stríðnin og eineltið hélt því áfram.

Það eina sem [skólastjórinn] gat gert var að tala við krakkana. Hann gerði ekki meira. Þau héldu samt áfram. [Og kennarinn] bara skammaði krakkana, það sama og skólastjórinn.

Konurnar tjáðu almenn vonbrigði með viðbrögð skólans. Þeim fannst skólakerfið bregðast sér og sýna litla viðleitni til að styðja þær. Einstaka starfsfólk innan veggja skólanna sýndi þeim hins vegar stuðning í verki. Sá stuðningur var að eigin frumkvæði starfsfólks sem varð vitni að eineltinu en ekki liður í stefnu skólans. Nokkrar konurnar rifjuðu upp einstök atvik þar sem þær fundu stuðning eða hlýju frá starfsfólki. Svo virðist sem slík velvild og liðsinni hafi skipt þær miklu.

Það kom fyrir svona einn og einn dag að ég sat bara inni. Það var svona inni í anddyri eða uppi hjá gangaverðinum. Hún leyfði mér oft að sitja hjá sér af því hún sá alveg hvernig krakkarnir voru við mig. Hún svona var bjargvætturinn minn.

Reynsla Guðnýjar af starfsfólki skólans var ekki eins jákvæð. Hún átti erfitt með nám og fannst kennarar hafa lítinn sem engan skilning á námstengdum þörfum hennar. Guðný varð fljótt á eftir samnemendum sínum í námi. Starfsfólk skólans túlkaði erfiðleika Guðnýjar sem leti og óþekkt. Úrlausnin fólst í því að reyna að siða hana til og loks að senda hana í sérkennslu. Að sögn Guðnýjar varð þetta til þess að ýta enn frekar undir eineltið. Sérkennslunni fylgdi ákveðinn stimpill og ítrekun á því að Guðný væri öðruvísi en önnur börn og í kjölfarið jókst stríðnin í hennar garð. Guðnýju fannst hún ekki fá stuðning frá kennurum. Þvert á móti fannst henni kennararnir taka þátt í eineltinu.



Ég var bæði lögð í einelti af kennurum og nemendum. Það vissu voða fáir hvað þetta var, þetta var yfirleitt bara leti og ég var látin sitja úti í horni þangað til ég bað um hjálp eða rétti upp hendi og það var ekkert talað við mig.

Konurnar lýstu því vel hvaða afleiðingar eineltið hafði fyrir þær. Þær sögðu frá því að hafa fundið fyrir mikilli andlegri vanlíðan á meðan á eineltinu stóð, tilfinningalegum doða og kvíða. Ein konan lýsti því að hafa fengið flogaköst vegna andlegs áreitis og hræðslu. Ljóst er að stríðnin og ofbeldið litaði félagsleg samskipti kvennanna, bæði á meðan á eineltinu stóð og einnig síðar meir á lífsleiðinni. Fríða varð fyrir einelti í hverfissskólanum en eignaðist svo góða vini þegar hún byrjaði í sérskóla. Reynsla hennar af samskiptum við skólafélaga í þessum tveimur skólum sýnir glögggt hve eineltið hafði mikil áhrif á líðan hennar. Meðan á eineltinu stóð fannst henni hún ekki vera sú manneskja sem hún í raun og veru var.

Sko á þessum tíma þá var ég svo hryllilega lokuð. Ég gat ekki, það er eins og ég gæti ekki opnast, ég gat ekki sagt frá neinu. Og eftir að ég fór upp í [sérskóla] þá breyttist mikið. Þá svona fór ég að opnast miklu meira og ég varð svona bara eins og ég sjálf bara.

Flestar konurnar töldu reynslu af einelti hafa litað tengsl sín og samskipti við aðra allt fram á fullorðinsár. Þær urðu lokaðar og áttu erfitt með að eignast vini og treysta fólki. Sumar lýstu því að hafa einangrast félagslega í langan tíma. Eftirfarandi tilvitnun í Önnu lýsir því hvernig eineltið mótaði hana allt fram á fullorðinsár og leiddi til þess að hún átti í erfiðleikum með samskiptum við aðra í starfi.

Og það er kannski það sem hefur skapað að ég treysti engu fólki. Ég var mjög félagslega einangruð eftir þetta. Ég taldi aldrei í vinnu, ég átti erfitt í samskiptum. Ég treysti bara engum, það var ekki fræðilegur sko.

Fleiri viðmælendur en Anna lýstu því hvernig áhrif eineltisins vörðu langt fram á fullorðinsár. Engin kvennanna hafði fengið faglegan stuðning eða tækifæri til að ræða og vinna úr reynslu sinni og líðan. Þrátt fyrir það höfðu flestar fundið hjá sér sátt. Reynslan af eineltinu myndi aldrei gleymast en þær vildu ekki dvelja um of í fortíðinni. Þetta væri liðin tíð. Nokkrar höfðu hitt gerendur eineltisins aftur á fullorðinsárum og sögðu frá því að fyrrum samnemendur höfðu komið upp að þeim og beðið þær afsökunnar. Fríða hafði þannig fengið afsökunarbeiðni frá skólasystrur sinni á endurfundi skólafélaga.

Það var ein stelpa sem að var svolítill villingur á þessum tíma. Hún stóð upp og baðst afsökunar á þessu öllu sem hún hafði gert en enginn annar. Sumir töluðu ekki við mig sko. [Þá hugsaði ég bara] aumingja þau. Þau eiga bág.

Eins og sést á orðum Fríðu hafði hún, með tíð og tíma, lært að tileinka sér þann hugsunarhátt að ofbeldið væri ekki henni sjálfri að kenna. Ofbeldið var til merkis um vandamál þeirra sem höfðu

lagt hana í einelti og endurspegladist í því að sumir fundu það ekki hjá sér, enn þann dag í dag, að biðja hana afsökunar á framferði sínu.

Ofbeldi á æskuheimili

Líf flestra kvennanna einkenndist af erfiðri æsku. Sumar áttu góða fjölskyldu sem reyndi hvað hún gat að sporna gegn eineltinu, en aðrar urðu fyrir ofbeldi inni á eigin heimili eða á fósturheimilum. Fjórar urðu fyrir miklu andlegu-, líkamlegu- og kynferðislegu ofbeldi á æskuheimili sínu. Það voru þær Hanna, Dóra, Valdís og Sunneva. Hjá þeim öllum stóð ofbeldið yfir í mörg ár. Auk þeirra höfðu nokkrar kvennanna búið við erfiðar heimilisaðstæður sem einkenndust af mikilli áfengisneyslu foreldra og vanrækslu, þó ekki hafi verið um að ræða beint ofbeldi.

Saga Dóru gefur mynd af alvarlegu heimilisofbeldi sem átti sér stað á sjöunda og áttunda áratugnum. Heimilisaðstæður voru slæmar og fjölskyldan bjó við mikla fátækt. Faðir hennar var seinfær og níddist á börnum og skepnum og móðir hennar misnotaði lyf og var veik á geði. Fjölskyldan bjó á mjög dreifbýlu svæði og virðist hafa verið afskipt og almennt litin hornauga.

Auðvitað vissu þetta allir þarna í sýslunni. Það bara þorði enginn að gera neitt, það var bara öllum sama um um þetta fólk, þetta var bara ómerkilegt og það mátti alveg níðast á hverju öðru.

Í tilvitnuninni hér að ofan endurspeglast bág staða fjölskyldu Dóru. Dóra lýsir því að hafa upplifað mikla reiði af hálfu móður sinnar og hafa orðið fyrir lífshættulegum árásum af hendi hennar. Á heimilinu átti sér einnig stað kynferðislegt ofbeldi og sífjaspell. Lítið virðist hafa verið um afskipti utanaðkomandi aðila en Dóra lýsir því að amma hennar hafi reynt að hjálpa systkinunum. Aðstoð hennar var þó takmörkuð þar sem hún varð sjálf fyrir ofbeldi af hálfu dóttur sinnar og tengdasonar. Þetta líkamlega og kynferðislega ofbeldi hafði mikil áhrif á Dóru sem hafði ekki tækifæri til að þroskast eins og önnur börn. Móðir hennar stóð í vegi fyrir því að Dóra fengi eðlilega skólagöngu og eyðilagði bækur og skólagögn sem hún fékk með sér heim úr skólanum. Skólaganga Dóru var fyrir vikið mjög stutt og lærði hún aldrei að lesa, skrifa eða reikna eins og önnur börn.

Og ég mátti raunverulega aldrei leika mér eins og krakkar [gerðu]. Og allt sem að mér var gefið í jólagjafir, því henti alvöru mamma mín.

Þessi uppeldisskilyrði urðu til þess að Dóru var komið í fóstur þegar hún var fjórtán ára.

Hanna fluttist einnig á fósturheimili vegna ofbeldis sem hún varð fyrir á heimili sínu. Frá tíu ára aldri beitti stjúpfaðir hennar hana andlegu, líkamlegu og kynferðislegu ofbeldi. Ofbeldið tók á sig margar myndir og átti sér stað í skjóli nætur á meðan aðrir á heimilinu sváfu.

Hann leitaði á mig kynferðislega, barði mig, níddist á mér, hélt mér vakandi allar nætur alveg þangað til að ég var átján ára, til að þrifa eða til að stunda kynlíf með honum og eitthvað.

Ekki komst upp um ofbeldið á heimili Hönnu fyrr en löngu síðar. Stjúpfaðirinn gætti þess vel að ekki sæjust á henni líkamlegir áverkar og Hanna þorði ekki að láta neinn vita af ótta við að hann yrði reiður og beitti hana enn frekara ofbeldi. Það var ekki fyrr en Hanna sagði kennara frá því að stjúpfaðirinn héldi henni vakandi á nóttunni að barnaverndaryfirvöld hófu afskipti af fjölskyldunni. Hanna talaði ekki um hið mikla kynferðislega ofbeldi sem hún hafði þolað fyrr en hún var komin á fullorðinsár.

Hjá Herdísi og Valdísi gegnsýrði áfengissýki foreldra allt heimilislíf. Ungar að aldri þurftu þær að tileinka sér mikið sjálfstæði og lærðu fljótt að þær gátu ekki treyst á fólk í kringum sig. Þegar neyslan var sem mest á heimili Valdísar varð hún vitni að atvikum sem enn fylla hana skömm. Hún varð endurtekið vitni að kynlífsathöfnum og kynferðislegu ofbeldi á heimili sínu. Það var þó ekki fyrr en mörgum árum seinna að hún áttaði sig á því að hún var í raun sjálf þolandi ofbeldis.

Og ég átti bara svo erfitt með að viðurkenna sjálf að þetta væri kynferðislegt ofbeldi af því að það hefur aldrei neinn karlmaður, eða ekki þannig að ég hafi verið látin snerta mann á óviðeigandi stað eða verið snert á óviðeigandi stað. En sem sagt foreldrar mínir í drykkjunni voru óábyrg í sambandi við kynlíf.

Valdís svaf gjarnan uppi í rúmi foreldra sinna og þar varð hún oft vitni að því þegar þau stunduðu kynlíf. Foreldrarnir áttu það einnig til að taka ókunnugt fólk með sér heim til að stunda kynlíf. Stundum voru gestirnir í annarlegu ástandi og stundum urðu úr ofbeldisfull atvik. Í eftirfarandi tilvitnum lýsir Valdís því hvernig ókunnugur maður notfærði sér bággt ástand móðurinnar og nauðgaði henni í návist Valdísar.

Þannig að ég fer uppí rúm og ligg þar með kveikt ljós og bíð eftir henni bara, get ekki sofnað, bara stjörf. Svo kemur hún og bara drepst við hliðina á mér og hann kemur á eftir henni og, hún sko liggur við hliðina á mér, og hann bara klæðir hana úr og bara nauðgar henni.

Í viðtölunum komu fram margar átakanlegar lýsingar af ofbeldi sem átti sér stað innan veggja heimilanna. Af frásögnum kvennanna að dæma er ljóst að sumar fundu lítinn stuðning í sínum nánustu. Fjórar kvennanna höfðu reynslu af íhlotun barnaverndaryfirvalda og höfðu verið sendar í fóstur sem börn. Hanna og Dóra voru teknar af heimilum sínum til að vernda þær frá ofbeldi foreldra. Þær lýstu ákveðnum létti sem fylgdi því að flytjast í burtu, þó svo ofbeldinu hafi í hvorugu tilviki verið alveg lokið. Að sögn Dóru tók líf hennar miklum breytingum eftir að henni var fundið nýtt heimili. Eftir að hafa dvalið á nýjum stað í stuttan tíma varð hún aftur á móti fyrir því að kærasti fósturu hennar beitti hana kynferðislegu ofbeldi.

Birna og Þorgerður greindu ekki nákvæmlega frá því hvers vegna þær voru sendar í fóstur. Útskýringar voru óljósar og þær virðast ekki vita með vissu ástæðurnar sem lágu að baki ákvörðuninni. Líklega var það þó vegna slæmra uppeldisskilyrða og erfiðra aðstæðna. Blóðforeldrar Birnu voru alkóhólistar og móðir Þorgerðar hafði ein fyrir fjórum börnum að sjá eftir lát föður hennar. Birna og Þorgerður lýstu báðar erfiðleikum í samskiptum við fósturforeldrana sem bendir til þess að því hafi fylgt álag að mynda tilfinningaleg tengsl við nýja foreldra. Þannig lýsir Birna því hvernig aldrei hafi byggst upp almennilegt traust milli hennar og fósturforeldranna.

Alltaf þegar kennarinn hringdi þá var kennaranum trúað en ef ég sagði það þá var það kjaftæði sko. Af því hún tók aldrei mark á mér. [...] Alltaf að trúa næstu manneskju. Ekki fósturdótturinni.

Enn þann dag í dag er sambandið milli Birnu og fósturforeldra hennar stirt og á milli þeirra ríkir lítið gagnkvæmt traust. Þetta finnst Birnu erfitt, sér í lagi þar sem hún er ekki með sjálfræði og þarf að fá leyfi frá fósturforeldrum þegar kemur að ákvörðunum um það hvernig hún vill haga lífi sínu. Í huga Þorgerðar var barnaverndin hálfgerð grýla sem kom henni í fóstur án samþykkis móður hennar og að hennar sögn „var ekki gaman að flytjast frá fjölskyldunni. Þorgerður var fáorð í lýsingum sínum á fósturforeldrum sínum og líðan sinni á nýju heimili. Hún lýsir því þó að hafa upplifað mikla reiði frá fósturmóðurinni og að upp hafi komið atvik þar sem konan missti stjórn á sér, grýtti hlutum og henti henni út berfættri. Þessi dæmi sýna að uppeldisskilyrði kvennanna voru ekki endilega góð þótt þeim væri búið nýtt heimili.

Fjórar aðrar konur: Katrín, Sólveig, Sunneva og Guðný fluttu ungar að aldri á sambýli eða á stofnanir sem voru ekki allar ætlaðar til búsetu og höfðu því einnig þurft að skilja við foreldra sína. Af þrettán viðmælendum höfðu því átta flust frá fjölskyldum sínum í æsku.

Ofbeldi utan heimilis

Fimm kvennanna urðu fyrir ofbeldi af hendi karlmannna sem stóðu utan við fjölskylduna. Í öllum tilvikum var um að ræða kynferðislegt ofbeldi. Kynni þeirra af þessum karlmönnum voru af ýmsum toga. Í tilfelli Þorgerðar var um að ræða vin hennar. Þorgerður var á unglingsárum og vinur hennar nokkrum árum eldri en hún. Hann hafði platað hana heim til sín á fölskum forsendum og nauðgaði henni á heimili sínu. Þorgerður kærði manninn sem var sakfelldur.

Hanna lenti tvívegis í kynferðislegu ofbeldi af hálfu ókunnugra. Í öðru tilvikinu var gerandinn bílstjóri hjá ferðaþjónustu fatlaðra. Hann áreitti hana kynferðislega þegar hún var á leið heim til fósturforeldra sinna. Í hitt skiptið var um að ræða eldri mann sem búsettur var í hverfi hennar. Frásögn Hönnu svipar til sögu Þorgerðar að því leyti að maðurinn náði að blekkja hana og lokka inn á heimili sitt.

Þegar ég var eitthvað tíu ára og var að laga hjólið mitt og það var maður, hann var áttæður eða eitthvað sem bauðst til að hjálpa mér. Og ég náttúrulega var bara krakki og sagði já. Og hann hjálpaði mér [...] og svo bauð hann mér heim til sín og sagði við mig bara úti að hann ætlaði að bjóða mér upp á eitthvað að borða og drekka og erum komin inn og svona og allt í lagi með það, þá byrjar hann á því að setja hendina á kynfærin á mér.

Fríða var einnig blekkst af ókunnugum manni. Hún var á gangi nokkuð langt frá heimili sínu þegar hann bauð henni upp í bíl til sín og sagðist geta keyrt hana áleiðis heim. Fríða þáði farið og maðurinn ók með hana á afskekktan stað þar sem hann leitaði á hana kynferðislega. Hún lýsir því að í dag myndi hún aldrei þiggja far af ókunnugum. Nú fá börn fræðslu um þær hættur sem leynst geta í umhverfinu. Slíka fræðslu hafi hún aftur á móti ekki fengið, hvorki frá foreldrum né í skólanum.

Ég var þá bara unglingur. Það var náttúrulega á þessum tíma, það var ekki búið að, foreldrarir voru ekki búnir að fræða mann að ekki að fara upp í bíl til ókunnugra og svona.

Dóra var einnig misnotuð af eldri mönnum úr nágrenni hennar. Hún bjó á dreifbýlu svæði í sveit og var, sem barn, send á aðra bæi í sveitinni til að vinna. Þar var hún beitt kynferðislegu ofbeldi af þeim sem hún átti að vera að hjálpa.

Þeir bara sko létu mig vinna og þeir bara notuðu mig hinsegin. Kynferðislega í staðinn. Ég var bara svona hvað má segja. Ég var svona þræll á milli bæja þarna.

Dóra lýsir því að hafa upplifað mikla höfnun. Hún hafði lagt sig fram við að sinna þeirri vinnu sem henni var ætluð og gerði það vel. Í stað þess að hrósa henni fyrir vel unnin störf brugðust mennirnir henni á verstan hátt. Sögu Dóru svipar þannig til frásagna annarra viðmælenda að um var að ræða fullorðna menn sem blekktu og nýttu sér varnarleysi þeirra. Misnotkun af hálfu karla í umhverfi Dóru stóð yfir í mörg ár og var hluti af miklu ofbeldismynstri í hennar barnæsku.

Olga varð fyrir kynferðislegri áreitni á unglingsárum. Reynsla hennar var ólík hinna kvennanna að því leyti að sá sem snerti hana var á hennar reki. Í eftirfarandi tilvitnun sést hvernig Olga setur ofbeldið í samhengi við þá skerðingu sem hún býr við.

Það er að rifjast upp þegar ég var einmitt unglingur, á gaggó árunum, þá var ég í strætó og þá fékk ég svona hendi upp í klofið sko, bara jafnaldri minn sko. En ég veit ekkert hvort hann gerði það af því að ég er fötluð eða hvort það var af því að þetta var bara fyndið en hann var eitthvað að sýna sig fyrir strákunum. Ég veit það ekki.

Olga skírskotar þannig til ofbeldis sem fatlað fólk verður fyrir vegna stöðu þess í samfélaginu. Guðný veltir því einnig fyrir sér hvort maðurinn sem blekkti hana heim til sín og áreitti þegar hún var átta ára gömul, hafi gert það því hún skar sig frá.

Ég var forvitin þegar ég var krakki og ég átti rosa auðvelt með að tjá mig við fullorðna og þeir áttu auðvelt með að vinna traust mitt. Þannig að þetta er ofsalega blekkjandi fyrir

krakka sem á auðvelt með að tjá sig við fullorðna og talar svolítið fullorðinslega, og var öðruvísi og hann var greinilega búinn að fylgjast með mér.

Ogla og Guðný ávarpa þannig báðar varnarleysið sem falist getur í stöðu fatlaðra kvenna sem sumir ófatlaðir karlmenn reyna að notfæra sér.

Afleiðingar ofbeldis

Konurnar lýstu því hvernig áhrif ofbeldisins sem þær urðu fyrir í æsku höfðu varað fram á fullorðinsár. Margar þeirra höfðu lent í svo mörgum neikvæðum atburðum á lífsleiðinni, að það gat verið erfitt að greina á milli afleiðinga kynferðislegs ofbeldis og afleiðinga annars ofbeldis sem þær höfðu orðið fyrir. Herdís var ein þeirra sem hafði lent í einelti í æsku og verið beitt kynferðislegu ofbeldi af hendi karlmannna í nágrenninu. Orð hennar lýsa vel uppsöfnuðum áhrifum alls þess sem hún hafði lent í.

Ég bara missti málið og ég gat ekki látið neinn koma við mig og ég gat ekki komið við neinn. Ég labbaði meðfram veggjum og ég tók sveig framhjá fólki og treysti engum. Ég veit eiginlega ekki sjálf, þetta eru svo mörg átöll að ég veit ekki hvað er hvað. Ég veit bara að kynimynd mín sem manneskja er voðalega skökk, eða var það sko.

Konurnar áttu það sammerkt að telja ofbeldið hafa haft mikil áhrif á þær, bæði meðan á ofbeldinu stóð og einnig eftir að þær uxu úr grasi. Afleiðingar sem konurnar lýstu voru meðal annars andleg vanlíðan á borð við þunglyndi, kvíða og vantraust. Dóra sagði kynferðislegu misnotkunina sem hún varð fyrir bæði á æskuheimilinu og á heimili fósturmóðurinnar hafa valdið því að hún varð mjög hrædd við að umgangast fólk. Í eftirfarandi tilvitnun lýsir hún því hvernig andleg vanlíðan tók á sig líkamlega mynd.

Var öll eiginlega svona liggur við, bogin saman af ég var svo hrædd að ég gekk alltaf svona [álút].

Hjá konunum birtist hræðsla og vantraust sérstaklega þegar kom að því að eiga í nánum samskiptum við karlmenn. Þrátt fyrir að vera orðin fullorðin kona, og hafa átt kærasta, sagðist Dóra ekki enn vita hvernig ætti að bera sig að í samskiptum við hitt kynið. Þar sem öll reynsla hennar af kynlífi hafi verið neikvæð, hafði hún ekki enn treyst sér til að stunda kynlíf með kærasta sínum sem hún hafði verið með í meira en tvö ár.

Annars hafði ég aldrei hugmynd um þetta neitt, bara hvernig þetta á að vera eðlilega. Ég kynntist bara því hinsegin. Þannig að ég kynntist aldrei eðlilegu sambandi og svoleiðis.

Herdís deildi reynslu Dóru af því að eiga erfitt með að treysta karlmönnum eftir að hafa verið beitt ofbeldi af karlmönnum í nærumhverfinu.

Ég átti rosalega erfitt með að mynda samskipti við annað kynið og var ótrúlega hrædd og oft lamdi ég frá mér og ég átti það til þegar ég átti fyrsta kærastann þá varði ég mig óvart

og lamdi ég frá mér ef hann kom eitthvað við mig á vissan hátt, eða þá að ég bara brotnaði öll niður.

Afleiðingar ofbeldisins lýstu sér einnig í sjálfsásökunum, sem vörðu allt fram á fullorðinsár. Sumar höfðu reynt að gleyma ofbeldinu og vildu síður leiða hugann að því. Þorgerður lagði mikla áherslu á að þó svo að sér hafi liðið illa yfir því sem hafði gerst að þá vildi hún nú „reyna að lifa nýju lífi“ og horfa fram á við. Fleiri konur tóku í sama streng. Þrátt fyrir að hafa gengið í gegnum erfiða reynslu og mikið ofbeldi eru þær jákvæðar og kjarkmiklar. Orð Dóru benda þó til þess að það geti verið erfitt að gleyma, þó vilji sé fyrir hendi.

Ég get aldrei losnað við þetta alveg. Ég er svo hrædd um að þetta muni endurtaka sig aftur. Af því að ég vil ekki lenda í því sama og ég lenti þegar ég var krakki og unglingur. Er bara búin að fá nóg af því og vil bara lifa mínu lífi eins og ég get.

Viðbrögð umhverfis við ofbeldi gegn börnum

Konurnar eiga það sameiginlegt að kerfið brást þeim á einn hátt eða annan. Þegar hefur verið vikið að því hvernig skólakerfið virðist ekki hafa verið í stakk búið til að sporna gegn eineltinu sem þær urðu fyrir. Á sama hátt brugðust utanaðkomandi aðilar ekki við með fullnægjandi hætti þegar upp komst um ofbeldi inni á heimilum. Barnaverndaryfirvöld hófu afskipti af fjölskyldu Hönnu eftir að hún sagði kennara frá því að stjúpaðir hennar héldi henni vakandi á nóttunni. Vegna hræðslu við ofbeldismanninn sagði hún aftur á móti ekki frá því að auk þess að halda henni vakandi, barði hann hana og beitti ítrekað kynferðislegu ofbeldi. Í kjölfar þess að barnaverndaryfirvöld fengu vitneskju um að barnið væri beitt einhvers konar misrétti var Hanna tekin af heimilinu og komið í fóstur. Fyrirkomulagið var þó þannig að Hanna fór alltaf heim til mömmu sinnar og stjúpföður um helgar og af þeim sökum viðgekkst ofbeldið í fleiri ár, þrátt fyrir afskipti yfirvalda af heimilinu.

Sem fyrr segir var Hanna hrædd við að tala um ofbeldið sem hún varð fyrir af ótta við hefnd stjúpföðursins. Hún mundi ekki til þess að barnaverndarnefnd hafi spurt sig að því hvernig henni liði og hvernig dvöl hennar í foreldrahúsum um helgar væri, ef frá er talið eitt skipti. Síðar, eftir að Hanna varð sjálfráða, ákvað hún hins vegar að segja frá öllu ofbeldinu sem hún hafði orðið fyrir. Hún leitaði til lögreglu og gaf skýrslu. Að einhverjum tíma liðnum fékk hún að vita að málið hafði verið fellt niður án þess að henni væru gefnar frekari skýringar.

Þá hringdi hún aftur og sagði að málinu væri frestað, væri bara hætt. Og ég samt búin að lenda í þessu allan þennan tíma.

Hanna vissi ekki hvað varð til þess að málið var fellt niður og er enn að leita leiða til að fara með málið fyrir dóm. Mál Þorgerðar fékk betri meðferð lögreglu. Þorgerði hafði verið nauðgað af vini eins og áður hefur komið fram. Móðir hennar kærði nauðgunina til lögreglu og ofbeldismaðurinn hlaut dóm. Þorgerður lýsti því að hafa fundið mikinn stuðning frá lögreglu og lögfræðingum.

Lögreglumaðurinn sem sá um rannsókn málsins stóð þétt við bakið á henni á þeim tíma sem mál hennar var tekið fyrir í dómkerfinu. Þar skipti máli að henni var trúað.

Löggan sagði að þetta gerðist, alveg sama þótt að þessi gaur segði að þetta gerðist ekki. Samt sagði löggan það, stóð með manni allan tímann. Ég er ennþá að tala við þessa löggú í dag. Sem að stóð [með mér] allan tímann.

Sögur af réttlæti innan dómkerfisins voru þó fáar. Margar kvennanna fengu ýmist ekki tækifæri eða nægan stuðning til að kæra, mættu vantrú eða almennu afskiptaleyzi af hálfu umhverfis. Þótt fólk hafi vitað af ofbeldi, vanrækslu og sífjaspelli sem átti sér stað á æskuheimili Dóru var ekkert gert til að koma henni og systkinum hennar til hjálpar. Viðhorf nærumhverfisins virðast hafa verið þau að það sem gerðist innan veggja heimilisins væri einkamál fjölskyldunnar. Fjölskyldan var álitin annars flokks og aðrir í sveitinni virðast ekki hafa kært sig um að koma nærri málum. Fyrir vikið fékk ofbeldið að viðgangast. Það var að lokum amma hennar sem sá til þess að hún var tekin af heimilinu. Dóra var send í fóstur og segir dvöl sína þar hafa verið góða. Hún var þar í skjóli frá fjölskyldu sinni. Á heimili fósturmóður sinnar mætti hún samt sem áður vantrú og mikilli þöggun.

Þau vildu ekkert trúa þessu sem ég lenti í [...] en þau trúðu því þegar amma sagði þeim það. Og þau vildu helst að ég myndi þegja um þetta bara. Myndi bara gleyma þessu. Og ég mátti raunverulega aldrei tala um þetta. Þetta var bara tabú hjá þeim.

Valdís hafði svipaða sögu að segja um afskiptaleyzi umhverfisins. Hún ólst upp við erfiðar heimilisaðstæður sem einkenndust af áfengisneyslu foreldra. Móðir hennar gat illa annast börn sín sökum áfengisneyslu og faðirinn var mikið að heiman vegna vinnu sinnar. Þessar aðstæður ollu því að Valdís þurfti mikið að sjá um sig sjálf. Bæði nágrönnum hennar og stórfjölskyldunni var ljóst að áfengisneysla foreldranna væri á mjög alvarlegu stigi og að þau voru ófær um að sinna hlutverki sínu sem uppaldendur. Ættingjarnir skiptu sér á stundum af einstaka athæfi foreldranna, og nágrennar hjálpuðu til með því að bjóða börnunum inn til sín þegar verst stóð á. Aldrei var þó hugað að því að hjálpa fjölskyldunni að vinna sig út úr aðstæðunum. Þannig lýsir Valdís því þegar ættingjar skiptu sér af málum eftir að foreldrarnir höfðu dregið konu með sér heim um hábjartan dag.

Kona bróður hans þabba tekur þessa vesalings konu sem er bara á fyllerí og saklaus og hún rétt nær að girða upp um sig gallabuxurnar og hendir henni út berri að ofan, berfættri. Og hugsaðu þér bara fyrir okkur börnin að, af því að nágrennarnir byrja náttúrulega að pískra, einhver vitni og svona. [Og] það er ofbeldi í fjölskyldunni af því það talar enginn um svona. Það segir enginn við 11-12 ára barn að það sem þú sást var ekki eðlilegt.

Starfsfólk skólans gerði heldur ekki neitt til að koma Valdísi til hjálpar, en að sögn hennar hefur ástandið varla hafa farið framhjá kennurum. Mæting hennar var slitrótt og útgangur hennar slæmur þegar hún mætti.

Ég er oft að mæta of seint. Og ég mæti kannski með sömu fléttuna lengi, það er svona ákveðin vanræksla sem sést á útganginum á mér og mér finnst það þínu ofbeldi að skóli geri aldrei neitt og segi aldrei neitt í lífi barna. Því það verður einhverstaðar að ýta til þess að eitthvað verði gert.

Í ofangreindri tilvitnun lýsir Valdís vonbrigðum sínum með að skólinn skuli ekki hafa reynt að koma henni til hjálpar. Ýmsa hegðun sem hún sýndi af sér í barnæsku mátti sjá sem vísbendingu um að eitthvað væri að. Þó geðröskun Valdísar hafi ekki komið fram fyrr en á fullorðinsárum var hún strax sem barn farin að finna fyrir kvíða og sýna merki um árátthegðun. Valdísi fannst hún alltaf vera skítug, hún hrækti mikið og fannst hún sífellt þurfa að þvo sér um hendurnar. Hvorki kennarar né annað starfsfólk skólans tilkynntu um aðstæður Valdísar til barnaverndar eða veittu aðstæðum hennar sérstaka athygli svo vitað sé.

Konurnar sem höfðu orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi af hendi karla innan fjölskyldunnar sögðu fæstar frá ofbeldinu fyrr en löngu síðar. Herdís hafði aldrei sagt neinum frá misnotkuninni sem hún varð fyrir í barnæsku af körlum í nágrenninu fyrr en tekið var við hana viðtal vegna þessarar rannsóknar. Enn í dag treystir hún sér ekki til að tala um ofbeldið. Hún hefur engum sagt frá, hvorki sínum nánustu né öðrum og vildi ekki gefa rannsakendum lýsingu á því sem gerðist.

Í því tilviki þar sem upp komst um ofbeldi af hendi ókunnugra manna virtist umhverfið þó bregðast skjótt við. Það dró það engin í efa að bílstjórinn sem ók fyrir ferðapjónustu fatlaðra hafði áreitt Hönnu. Hanna lýsir því að hafa komið heim hágrátandi og sagt fjölskyldu sinni frá því hvað hafði átt sér stað. Í kjölfarið var séð til þess að bílstjórinn starfaði ekki áfram hjá fyrirtækinu.

Ég hljóp inn náttúrulega alveg hágrátandi og það var tekið á móti mér, bara: „Hvað er að?“ Og ég sagði það bara titrandi og svo var ég látin segja foreldrum mínum frá því [...] og það var bara sagt það að hann yrði kærður og eitthvað og hann var kærður. Þannig að hann missti starfið og fleira.

Þetta dæmi vekur upp spurningar um hvort börn fái meiri stuðning frá umhverfinu þegar ofbeldismaðurinn tilheyrir ekki fjölskyldunni en þegar mæður, feður og systkini beita barn ofbeldi.

OFBELDI Í NÁNUM SAMBÖNDUM

Konurnar höfðu flestar átt kærsta og sumar voru giftar. Þegar þær lýstu reynslu sinni af samskiptum við kærasta og maka kom ýmislegt fram. Sólveig og Hanna höfðu báðar orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi í nánu sambandi. Sólveigu hafði verið nauðgað af kærasta inni á sambýli fyrir fatlað fólk þar sem hún bjó. Sólveig notar hjólastól og þarf mikla aðstoð frá starfsfólki. Við árásina stífnaði hún upp og gat hvorki veitt mótspyrnu né gefið frá sér hljóð. Þá gekk ofbeldismaðurinn úr skugga um að hún gæti ekki hringt bjöllu til að kalla á aðstoð.

Ég gat ekki einu sinni hringt í [vaktina]. Samt var ég með bjölluna en hann plantaði henni fyrir aftan hálsinn á mér.

Þegar nauðgunin var yfirstaðin lýsir Sólveig því að hafa verið mjög hrædd og liðið illa. Hún gat sig hvergi hreyft. Kærastinn tók þögn hennar sem leyfi fyrir því að hann mætti vera hjá henni áfram og sat því hjá henni langa stund eftir atvikið.

Hanna var einnig beitt kynferðislegu ofbeldi af hendi maka. Eiginmaður hennar var 20 árum eldri og ófatlaður. Af frásögn Hönnu er ljóst að eiginmaður hennar beitti hana mikilli kúgun. Í krafti kynferðis, aldurs og þess að vera ófatlaður einstaklingur var hann í augljósri valdastöðu í sambandinu. Hann neyddi Hönnu til kynferðislegra athafna sem hún vildi ekki taka þátt í, meðvitaður um það að hann væri að beita hana þvingun. Hann bauð vini sínum að eiga kynferðismök við Hönnu. Hanna var ekki spurð hvort þetta væri eitthvað sem hún vildi. Í eftirfarandi tilvitnun endurspeglast valdaójafnvægið sem einkenndi samband Hönnu og eiginmanns hennar.

Hann sagði að hann mætti ríða mér.

Þannig varð Hanna fyrir endurteknu kynferðislegu ofbeldi af hálfu vinar eiginmanns hennar. Hanna þorði ekki að mótmæla. Vinur eiginmanns Hönnu var harðhentur og átti það til að meiða hana. Þegar hún bað hann að hætta að meiða sig og fara varlega varð hann ofbeldisfullri.

Og þessi gaur var farinn að slá mig í kynlífinu og pína mig að gera hluti sem ég vildi ekki.

En þó Hanna væri meðvituð um að það væri ekki rétt að þvinga hana til að taka þátt í athöfnum sem meiddu hana, virðist hún í fyrstu ekki hafa áttað sig á því að eiginmaður hennar væri að beita hana ofbeldi með því að leyfa vini sínum að notfæra sér hana. Annað dæmi um hvernig eiginmaðurinn sýndi fram á vald sitt var þegar hann fékk Hönnu til að stunda kynmök með vini hennar að honum viðstöddum. Hanna og vinur hennar voru á svipuðum aldri og bæði með þroskahömlun. Af orðum Hönnu að dæma er ljóst að hvorki hún né vinur hennar vildu taka þátt í athæfinu, en létu til leiðast vegna þrýstings frá manni hennar.

Við sögðum bara nei og svo hélt hann áfram: „Af hverju fáið þið ykkur ekki bara einn góðan maður.“ Og við alveg bara [svöruðum]: „Nei.“ Og hann bara: „Jú, jú.“ [...] Þannig að ég afsveinaði drenginn. Og ég hugsaði þetta bara eftir á ég meina: „Af hverju þurftum við að láta plata okkur í þetta?“ Hann hefði getað misst sveindóminn af stelpu sem hann vildi vera með og var hrifinn af.

Áður en Hanna hóf búskap með eiginmanni sínum hafði hún átt kærasta sem hún hitti endrum og eins. Hanna sagði kærastann ekki hafa beitt sig ofbeldi en lýsir því þó að hafa fundið fyrir miklum kynferðislegum þrýstingi. Þrýstingurinn fólst í því að ef hún svaf ekki hjá honum þegar hann vildi gat hann reiðst skyndilega og hreytt í hana ónotum. Í eftirfarandi tilvitnun lýsir Hanna tilviki þar sem hún var veik og treysti sér ekki til að sofa hjá. Viðbrögð kærastans benda til þess að honum hafi fundist hlutverk hennar að veita honum kynferðislega örvun.

Ég var veik og [hann] vildi fá mig heim til sín til að gera dálðið. Eins og maður segir bara sex. Ég sagði bara ég er lasin og ég treysti mér ekki. Þá gargaði hann á mig að ég væri bara að halda framhjá honum og ég vildi ekki hitta hann og ég væri bara beygla og belja og bara hóra sem gæti ekki sinnt honum.

Hanna reyndi ítrekað að slíta sambandinu eftir þetta atvik en kærasti hennar kúgaði hana til að vera áfram með honum með því að hóta að fyrirfara sér og telja henni trú um að ef hann myndi deyja, þá væri sökin hennar.

Ofbeldið sem Þorgerður varð fyrir af hendi fyrrverandi kærasta var fjárhagslegt og líkamlegt. Líkamlega ofbeldið átti sér stað allan tímann á meðan sambandinu stóð. Þorgerður þurfti að þola endurtekin spörk og aðrar líkamsmeiðingar. Þegar kærasti hennar var að heiman á daginn læsti hann hana inni svo hún komst hvergi. Ofbeldið hafði mikil áhrif á andlega líðan Þorgerðar. Innilokuð og illa út leikin eftir barsmíðar gerði hún að lokum tilraun til sjálfsmorðs. Það varð henni til happs að frænka hennar skarst í leika og fann hana.

Hún braut bara hurðina, frænka mín og kærasti hennar. Og sáu að ég var búin að taka töflu inn að reyna að fyrirfara mér, af því að mér leið ekki vel að vera lamin niður. Af því að ég var búin að lenda í nauðgun og svo í þessu.

Fjárhagslega ofbeldið fólst í því að fyrrverandi kærasti Þorgerðar blekkti hana til að kaupa ýmsa hluti, bað hana að versla fyrir sig og lána sér fé, en endurgreiddi henni aldrei. Á meðan á sambandinu stóð keyptu Þorgerður og kærasti hennar saman eign. Þorgerður ein greiddi fyrir en eignin var skráð á þau bæði. Eftir að sambandinu lauk sá maðurinn til þess að eignin yrði færð yfir á hann sjálfan.

Ég á dót ennþá hjá honum og ég fæ dótið mitt aldrei aftur. Þú veist, tók nafnið mitt burtu og allt.[...] Hann skuldar mér það ennþá, áttahundruð og fimmtíu þúsund. Ég veit ekki hvað maður á að gera.

Ofbeldi í garð Olgu og Dóru var af andlegum toga. Ofbeldið tengdist áfengisneyslu maka þeirra og fólst í niðrandi athugasemdum um útlit þeirra og getu. Makar þeirra höfðu báðir látið af hegðun sinni, en ofbeldið átti sér stað á þeim tíma þegar þeir drukku mikið. Kærasti Dóru setti út á það hvernig hún leit út, vildi breyta henni og þrýsti á hana að fara í lýtaaðgerðir. Auk þessa andlega ofbeldis lýstu þær jafnframt mikilli streitu sem fylgir því að lifa með mönnum sem gátu fyrirvara-laust orðið reiðir eða brugðist illa við af litlu tilefni.

Viðbrögð umhverfis við ofbeldi í nánnum samböndum

Þegar konurnar deildu reynslu sinni af ofbeldi ræddu þær einnig aðstoð og stuðning sem þær fengu frá umhverfinu, fjölskyldu og vinum. Svo virðist sem viðbrögð nærumhverfisins hafi verið af skornum skammti þegar kom að ofbeldi í nánnum samböndum. Þorgerður var þar undantekning, en hún var eina konan sem hafði orðið fyrir líkamlegu ofbeldi. Þegar Þorgerður lenti í barsmíðum

af hendi fyrrverandi kærasta hlaut hún stundum sjáanlega líkamlega áverka. Þegar hún fór til vinnu einn daginn með sýnileg meiðsli fór það því ekki framhjá samstarfsfólki hennar hvað hafði gerst. Viðbrögð samstarfsfólksins var að hafa samband við Kvennaathvarfið og vísa Þorgerði þangað.

[Vinnan] sendi mig þangað, af því að þeir sáu hvernig ég leit út. Þau vildu ekki að ég væri lengur hjá honum.

Móðir Þorgerðar studdi einnig við bakið á henni og lagði áherslu á að maðurinn yrði kærður. Þorgerður fékk því mikinn stuðning frá bæði vinnufélögum og fjölskyldu.

Málið horfði öðruvísi við í tilfellum Sólveigar og Hönnu sem höfðu orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi. Hvorugar fengu stuðning við að slíta samskiptum við ofbeldismennina. Fyrrverandi kærasti Sólveigar, sem nauðgaði henni á sambýlinu sem hún bjó á, heimsótti hana reglulega eftir að atvikið átti sér stað. Sólveig á erfitt með tjáningu, finnst erfitt að leggja áherslu á orð sín og sýna reiði. Hún hafði ítrekað beðið starfsfólk að hleypa honum ekki inn á heimilið en ekki var farið að óskum hennar. Í dag er hún flutt á annað sambýli en býr við þannig aðstæður að útidyrhurðinni að heimilinu er ekki læst. Maðurinn er tíður gestur á sambýlinu og getur gengið inn í íbúð Sólveigar hindranalaust. Aðspurð um hvort starfsfólkið vísi manninum ekki út sagði Sólveig: „Nei þær hafa ekki gert það.“ Hún telur það engu að síður vita um nauðgunina sem hún varð fyrir.

Hanna upplifði einnig stuðningsleysi af hálfu starfsfólks á heimilinu þar sem fyrrverandi kærasti hennar bjó. Eftir að maðurinn jós yfir hana óhróðri vegna þess að hún vildi ekki stunda með honum kynmök, ákvað Hanna að slíta sambandi við hann. Þegar hann reyndi svo að fá hana aftur var starfsfólk sambýlisins í hlutverki milliliða. Kona sem starfaði á heimilinu talaði máli kærastans, bað Hönnu afsökunar fyrir hans hönd og bað hana að fyrirgefa honum. Hanna upplifði mikinn þrýsting á sig að veita manninum annað tækifæri.

En þá hringdi kona af sambýlinu sem að hann var á og sagði við mig að hann væri hágrátandi hérna hjá henni, eftir að ég sagði honum upp og vildi fá mig aftur og ég sagði bara við konuna það sem hann sagði og gerði. Og hún bara: „Honum þykir það ofboðslega leitt hann er búinn að segja mér þetta.“ Ég sagði þetta er samt bara, ég get þetta ekki lengur.

Hanna stendur nú í skilnaði við fyrrverandi eiginmann sinn og fær ekki stuðning frá fjölskyldunni. Móðir hennar hefur tekið málstað eiginmannsins í skilnaðarferlinu og hvetur dóttur sína til að skipta um skoðun og fyrirgefa honum. Eiginmaðurinn hefur, líkt og fyrri kærasti Hönnu, hóttað að svipta sig lífi í þeirri von að það fái Hönnu til að skipta um skoðun. Í stað þess að sjá þetta sem kúgun telur móður Hönnu þetta gilda ástæðu fyrir því að hún eigi að hætta við skilnaðinn.

Eins og í nótt þá sendi mamma eitthvað að [hann] væri að fremja sjálfsmorð og hann elskaði mig svo mikið og eitthvað og mér finnst það svo, að hún er að senda svona þá finnst mér eins og hún standi með honum en ekki mér.

Hanna hefur ekki sagt móður sinni frá ofbeldinu sem hún hefur orðið fyrir af hendi eiginmanns síns. Þrátt fyrir það segir Hanna móður sína vita „ýmislegt“ um eiginmann sinn. Ýmislegt í lýsingum Hönnu á eiginmanni hennar vekur upp grunsemdir um að hann þjáist af barnagirnd. Þetta veit móðir Hönnu.

Hún veit eitthvað en ekki allt en hún hefur nú oft sagt að hann væri fyrir börn, eða hún væri að gruna hann um það. Þess vegna fatta ég ekki, þú veist, ef að dóttir mín væri með manni sem væri með svona á bakinu, barnaperra, þá myndi ég bara segja: Heyrðu, hingað og ekki lengra vinan, þú ert ekki að vera með þessum.

Hanna hefur nýlega komist að því að eiginmaður hennar hafi misnotað ung stúlkubörn í fjölskyldu sinni og hefur ítrekað staðið hann að því að skoða barnaklám í tölvu sinni.

Kynfræðsla til fatlaðs fólks

Í viðtölunum kom fram að skortur væri á fræðslu til þroskahamlaðra kvenna um hvað einkennir eðlilegt kynlíf og gott parasamband. Þegar konurnar voru spurðar hvort þær hefðu fengið kynfræðslu svöruðu fáar játandi. Þar sem lítið var um formlega fræðslu sagðist ein kvennanna hafa sótt sér upplýsingar um kynferðismál í klámblöð en einnig kom fram það sjónarmið að fólk „átti bara að vita þetta.“ Þrjár kvennanna sögðust af fyrra bragði vilja fá meiri fræðslu. Anna var ein þeirra. Henni fannst vera skortur á fræðslu fyrir konur með þroskahömlun og að upplýsingar væru settar fram á auðskildu máli.

En mér finnst það skorta svolítið gagnvart þroskahömluðum konum. [...] Fólk gerir sér ekki grein fyrir því að foreldrar eru að gera fólk ófrjótt og skerða réttindi af því að fræðslan er ekki næg. [...] Það eru bæklingar sendir á heilsugæslustöðvar um allskonar á venjulegu máli en það er ekki verið að reyna að ná til fatlaðra.

Dóra var eina konan sem minntist á að hafa fengið fræðslu sem var sérstaklega ætluð fólki með þroskahömlun. Hún hafði orð á því að sér fyndist vanta öflugri og einstaklingsmiðaðri kynfræðslu til fatlaðs fólks. Aðspurð um hvernig haga ætti slíkri fræðslu nefndi hún að fræða þyrfti þör um hvernig væri að eiga í kynferðislegu sambandi. Passa þyrfti jafnframt upp á umgjörð fræðslunnar. Viðvera starfsfólks gæti til að mynda haft þau áhrif að fólk þætti óþægilegt að spyrja nánar út í efnið. Fram hefur komið að Hanna og Dóra töldu sig ekki vita hvernig bæri að hegða sér í kynlífi og hvar mörkin væru á milli þess sem talist getur eðlilegt og óeðlilegt. Báðar höfðu þær verið misnotaðar í æsku og höfðu því, að eigin sögn, brenglaða mynd af því hvernig kynlíf ætti að vera.

Ég vildi auðvitað fá meiri fræðslu um hvernig kærustupör eiga að vera og svoleiðis. Og meiri fræðslu um kynlíf og svona.

Frásagnir kvennanna gáfu einnig til kynna að þörf væri á fræðslu um hvað einkennir gott parasamband, hvernig eigi að setja mörk þegar kemur að kynlífi og hver séu einkenni ofbeldis í nánnum samböndum. Sumar kvennanna lýstu erfiðleikum í samskiptum sínum við eiginmenn eða

kærasta. Hjá Þorgerði birtust erfiðleikarnir meðal annars í því að ekki rétti sameiginlegur skilningur milli þeirra hjóna um hvernig bæri að haga barneignum.

Ég er á sprautunni. Það er bara best að hann veit ekki af því. Ég er að reyna að hvíla mig og ég nenni ekki meira strax.

Þorgerður treysti sér ekki til að segja manni sínum að hún notaði getnaðarvarnir því hann hafði aðrar hugmyndir en hún um stækkun fjölskyldunnar. Þá kallaði hún eftir svörum við því hvernig bæri að skilgreina andlegt obeldi. Maðurinn veitti henni lítinn stuðning með börnin og þegði þegar yrt væri á hann. Fólk sem stóð fjölskyldunni nærri hafði áhyggjur af stöðu mála en Þorgerður var ekki viss hvort skilgreina bæri hegðun mannsins sem ofbeldi.

Mamma kallar það ofbeldi að maðurinn talar ekki við mann. Ég veit ekki hvort að það sé rétt. Er það rétt?

Saga Þorgerðar og annarra kvenna af samskiptum við eiginmenn eða kærasta sýna að bjóða þarf upp á umræður um hvað einkennir gott samband milli para. Jafnframt er þörf á fræðslu um kúgun og valdaójafnvægi í samböndum og hvenær annar aðilinn er það ráðandi í samskiptum að um valdbeitingu sé að ræða. Sjálfseflandi úrræði sem fjalla um hvernig þör geti í sameiningu tekist á við uppeldi barna og heimilisstörf og gert plön um framtíðina gætu hjálpað þörum eins og Þorgerði og manni hennar að ráða fram úr vanda sínum.

VALDBEITING ÆTTINGJA

Í viðtölunum lýstu konurnar samskiptum sínum við foreldra og systkini eftir að þær eru orðnar fullorðnar. Sumar sóttu mikinn stuðning til fjölskyldunnar og áttu í góðum samskiptum við foreldra og systkini. Þó var að finna ákveðinn samhljóm í máli þeirra kvenna sem greindar eru með þroskahömlun að fjölskyldan vildi stjórna lífi þeirra og aðstæðum. Frásagnir þessara kvenna benda til þess að foreldrar þeirra og systkini hafi oft mikil ítök í lífi þeirra og eigi það til að taka fram fyrir hendur þeirra. Fram komu margar lýsingar á því hvernig umhyggja og afskiptasemi foreldra hafi smám saman breyst í stjórnsemi og yfirgang og að þær hafi fyrir vikið ekki haft frelsi til að stjórna eigin lífi. Saga Birnu stendur upp úr. Hún sagðist hafa orðið fyrir mikilli valdbeitingu af hálfu fósturforeldranna og að lítið gagnkvæmt traust hafi ríkt milli hennar og foreldranna alveg frá því hún var á barnsaldri. Andlega ofbeldið fólst meðal annars í langvarandi vantrausti og kaldlyndi í hennar garð.

Bara frá því að ég kom inn í fjölskylduna þá er ég bara núll og nix. En að verða fyrir andlegu ofbeldi er rosalega óþægilegt. Geta ekkert sagt neitt frá eða þú veist, segja rétt frá. Þá er lítið á það sem lygi.

Við lok 20. aldar, þegar Birna var á táningsaldri, sáu fósturforeldrar hennar til þess að hún var svipt sjálfræði. Birna lýsti því hvernig sviptingin átti sér stað án þess að hún fengi rönd við reist.

Hún var ung, fötluð kona, sem hafði enga þekkingu á hvaða reglur giltu um sjálfræðissviptingu eða hvað slík svipting fæli í sér. Fósturforeldrarnir voru í þeirri stöðu að geta tekið ákvarðana-valdið frá Birnu og töldu það vera henni fyrir bestu. Hún lýsti því hvernig þekkingarleysi hennar á lögum og reglum urðu til þess að unnt var að virða sjálfsákvörðunarrétt hennar að vettugi.

Ég sagði við þau: „Til hvers að svipta mig?“ Ég meina ég var ekki búin að kynna mér lögina þá en ef ég hefði gert það þá hefði ég getað neitað öllu saman sko. Þannig að, af því ég þekkti ekki reglurnar þá gat maður ekkert gert [...] Ég gat ekki farið út að reykja af því þá sögðu þau: „Ef þú ferð út að reykja þá ertu algjörlega svipt“. Þú verður að lesa textann. Ég gat ekkert svarað. Ég gat ekkert. Þau voru þarna öll á móti mér. Sögðu bara: „Þetta er þér fyrir bestu.“

Frásögn Birnu gefur til kynna að fósturforeldrarnir hafi nýtt sér valdastöðu sína og þekkingarleysi Birnu og gert henni ókleift að taka ákvarðanir sem þeim voru ekki að skapi. Um líkt leyti fóru fósturforeldrar Birnu með hana á sjúkrahús þar sem hún þurfti að fara í „smávægilega aðgerð“. Þegar upp á sjúkrahús var komið, og verið var að undirbúa svæfingu, var Birnu tjáð að hún væri á leið í ófrjósemisaðgerð. Aðgerðin var gerð án samþykkis hennar. Þar sem hún var ekki með sjálfræði fékk hún engu ráðið. Sjálfræðissviptingin og ófrjósemisaðgerðin höfðu mikil áhrif á líf Birnu og samskipti hennar við fósturforeldrana. Sviptingin hefur það í för með sér að fósturforeldrarnir hafa ætíð síðasta orðið þegar kemur að ákvörðunartöku í lífi Birnu. Birnu var gert að flytja í búsetukjarna í dreifbýli þegar hún var tvítug. Síðastliðin ár hefur Birna sótt það fast að flytja en fósturforeldrar hennar hafa staðið í vegi fyrir því. Birna reyndi að sækja um íbúð á vegum Öryrkjabandalagsins fyrir nokkrum árum en það gekk ekki.

Út af því að ég er ekki með sjálfræðið mitt og fjárræðið þá get ég ekki sótt um íbúð. Ekki nema að foreldrar mínir samþykki það. Og það verður náttúrulega aldrei samþykkt.

Hátt í tuttugu ár eru liðin frá því Birna var svipt sjálfræði. Hún hefur staðið í mikilli baráttu til að reyna að endurheimta það. Sjálf segist Birna hafa breyst mikið frá því hún var svipt. Í dag sé hún í betra jafnvægi og að sér líði mun betur. Það sem staðið hefur í vegi fyrir því að hún fái sjálfræði sitt er að sérfræðingurinn sem svipti hana sjálfræði á sínum tíma vill ekki endurmeta mál hennar. Enn hefur hún ekki fengið þann stuðning sem hún þarf í baráttu sinni og hefur til að mynda ekki verið boðið að hitta annan lækni. Það má því segja að þótt fósturforeldrar hennar hafi átt frumkvæðið að sjálfræðissviptingunni, komi kerfislægir þættir í veg fyrir að hún geti endurheimt það.

Ég reyndi núna í vor og sumar, fékk höfnun. Þannig að ef ég fengi annan lækni eða eitthvað, hann myndi, þarna, skoða mig og dæma mig og svona, þá fengi ég náttúrulega sjálfræðið og fjárræðið upp á nýtt. Bara á nýju mati, en ef þú ert með gamalt mat, þá náttúrulega færðu ekki neitt.

Þó hinar konurnar væru ekki í sömu stöðu og Birna, að vera ósjálfráða, lýstu fleiri því hvernig afskiptasemi fjölskyldu hafi komið í veg fyrir að þær réðu eigin lífi. Stjórnsemi fjölskyldunnar

stafaði oft af vantrausti í garð kvennanna vegna skerðinganna sem þær voru með og mikilvægar ákvarðanir voru teknar úr höndum þeirra með þeim formerkjum að þær væru ekki hæfar til að ákveða sjálfar hvað væri þeim fyrir bestu. Systir Fríðu beitti hana miklum þrýstingi og réði því á endanum að hún færi í fóstureyðingu. Í eftirfarandi tilvitnun sést hvernig einblínt var á skerðinguna sem Fríða var með þegar tekin var ákvörðun um framtíð Fríðu og horft framhá þáttum eins og persónulegum eiginleikum hennar, styrkleikum hennar og aðstæðunum sem hún bjó við.

Svo fór hún með mig þarna upp á spítala og lét mig skrifa undir eitthvað þarna. Svo þegar ég leit á það sem hún var að biðja mig um að skrifa, sko hún var að segja mér hvað ég átti að skrifa: „Ég get ekki átt barn út af því að ég er þroskaheft.“

Fríða var 29 ára þegar hún varð ófrísk og hafði langað til að eiga barnið. Hún bjó hjá móður sinni og mat stöðu sína þannig að hún og barnsfaðirinn væru, með aðstoð móðurinnar, í stakk búin til að mæta þeim áskorunum sem barni fylgir. Fjölskylda hennar var mótfallin þessum áformum og eftir mikinn þrýsting frá systur sinni lét hún undan og fór í fóstureyðingu. Það var mikið tilfinningalegt álag fyrir Fríðu að fara í fóstureyðingu gegn eigin vilja. Hún var óvinnufær um tíma eftir atvikið og í dag, 20 árum síðar, finnst henni enn erfitt að rifja upp atvikið.

Aðrar konur lýstu svipuðum atvikum, þar sem afskipti foreldra eða annarra fjölskyldumeðlima voru mikil og kúgandi. Dóra hafði hug á að hefja sambúð með kærasta sínum sem hún hafði verið með í dágóðan tíma. Fósturmóðir Dóru var aftur á móti mjög ósátt við ákvörðun hennar um að búa með kærastanum og reyndi að telja henni trú um að hún ætti ekkert með að búa með karlmönnum. Eflaust voru það hin slæmu skilyrði sem Dóra ólst upp við hjá blóðforeldrum sínum sem ollu því að fósturmóðir hennar hafði áhyggjur en eins og fram hefur komið varð Dóra fyrir ítrekuðu kynferðislegu ofbeldi í æsku. Dóra sýnir þessum áhyggjum skilning en í orðum hennar felast skilaboð um að einhvern tíma verði foreldrar að sleppa takinu af börnum sínum og fara að treysta þeim.

Hún vill ekki að ég búi með neinum. Þetta er skýringin, hún er svo hrædd um að ég myndi lenda aftur í svona. En hún getur ekkert ráðskast með mig ennþá. Ég er fullorðin manneskja og ræð mér sjálf [...] Mér finnst að ég eigi að ráða mér núna. En mér finnst að ég hef aldrei fengið að ráða sem krakki og unglingur því að þau hafa alltaf stjórnað mér. Því ég hef alltaf þurft að láta í minni pokann eða láta undan eða ég hef ekki haft kjark í að mótmæla.

Orð Dóru benda til að hún hafi upplifað mikinn þrýsting frá fósturfjölskyldunni í gegnum tíðina. Oftar en ekki hafi fósturmóðir hennar og börn hennar fengið vilja sínum framgengt vegna þess hve erfitt það hefur reynst Dóru að mótmæla og standa á rétti sínum. Í þetta sinn ákvað hún að standa á sínu, enda finnst henni að sem fullorðinn einstaklingur ætti hún sjálf að eiga síðasta orðið um hvar og með hverjum hún búi. Dóra og kærasti hennar hafa fengið íbúð þar sem þau búa og hafa komið sér þar fyrir saman. Dóra hefur ekki heyrt í fósturmóður sinni síðan. Með

sambandsleysinu felst ákveðin hótun um að ef Dóra flytji ekki út og hætti með kærastanum muni hún missa fjölskyldu sína frá sér. Nú eru komnir nokkrir mánuðir síðan Dóra flutti inn til kærastans.

Hún gaf mér ekki jólagjöf. Gaf mér ekki neitt og ekki dóttir hennar heldur.

Frásagnir Birnu, Fríðu og Dóru eru dæmi um hvernig fjölskyldumeðlimir geta beitt valdi eða þrýstingi á þann hátt að ákvarðanir um hvernig beri að haga eigin lífi eru teknar úr höndum fatlaðra kvenna. Þó eflaust hafi fjölskyldan talið sig vera að taka ákvarðanir sem væru konunum fyrir bestu snérist afskiptasemin upp í kúgun og andlegt ofbeldi og olli konunum tilfinningalegu tjóni.

OFBELDI Á STOFNUNUM

Nokkrar þeirra kvenna sem dvalið höfðu á sambýlum eða í sjálfstæðri búsetu með stuðningi lýstu því að hafa orðið fyrir ofbeldi af hendi sambýlisfólks eða starfsfólks stofnananna. Oftast nær var um líkamlegt ofbeldi að ræða en einnig komu fram lýsingar á andlegu og kynferðislegu ofbeldi.

Ofbeldi af hendi sambýlisfólks

Af konunum sjö sem dvalið höfðu á sambýlum eða í sjálfstæðri búsetu með stuðningi lýstu sex reynslu af líkamlegu ofbeldi eða alvarlegri ógn af hendi sambýlisfólks. Gerendur voru ýmist konur eða karlar. Fyrirkomulag stofnananna var þannig að konurnar bjuggu með, eða í mikilli návist við aðra íbúa. Af lýsingum kvennanna að dæma voru íbúarnir sem deildu heimili stundum ólíkir og áttu litla samleið. Í flestum tilfellum kom sambýlingum þó vel saman og heimilislífið var gott en á sumum heimilanna bjuggu einn eða fleiri einstaklingar sem voru í ójafnvægi, fengu reiðisköst og ógnuðu eða beittu aðra íbúa eða starfsfólk ofbeldi. Í slíkum reiðiköstum höfðu konurnar eða sambýlisfólk þeirra meiðst og húsmunir brotnað og skemmst. Katrín og Sólveig urðu fyrir beinu ofbeldi af hálfu fólks sem bjó með þeim. Í tilviki Sólveigar var um að ræða sambýliskonu sem var í tilfinningalegu ójafnvægi. Hún réðst á Sólveigu, reif í hár hennar, kleip hana og klóraði. Sólveig notar hjólastól og þarf aðstoð við allar athafnir daglegs lífs og gat því ekki varið sig.

Ég fór náttúrulega upp á slysó til að tjekka á hvort ég væri brotin. En ég var ekki brotin sem betur fer en þetta var alveg ógeðslega vont.

Konurnar sögðu frá því hvernig þær fóru að upplifa aukið öryggisleysi þegar einstaklingar á heimilinu sýndu af sér slíka ofbeldishegðun og tóku reiðisköst. Ofbeldið átti sér stað þrátt fyrir viðveru starfsfólks sem í mörgum tilvikum náði ekki að sporna við því. Konurnar lýstu jafnframt nokkrum atvikum þar sem starfsfólk varð sjálft fyrir ofbeldinu. Þannig hafði Guðný reynt að stilla til friðar þegar kona á sambýlinu hennar réðst á aðra sambýliskonu og starfsmann.

Hún hótaði henni illum látum og hótaði að berja hana og þá hljóp ég í skarðið og stóð í dyrahurðinni sagði ok lemdu mig þá frekar, þú græðir jafn mikið á því, og þá, kom starfsmaður [...] og það endaði að hún gekk í skrokk á starfsmanninum. Hún bara barði hann [...] þá hljóp ég og hringdi á lögregluna og [...] það þurfti sex eða sjö lögreglumenn að ná henni.

Þær sem höfðu reynslu af því að búa í slíkum ofbeldisfullum aðstæðum sögðu frá því hvernig heimilislífið tók smátt og smátt að hverfast í kringum hinn ofbeldisfulla einstakling. Hann eða hún stjórnaði heimilislífinu að miklu leyti og aðrir íbúar fundu sig knúna til að taka þátt í hlutum sem þeir kærðu sig ekki um af ótta við að reita viðkomandi til reiði. Sumar kvennanna urðu ekki fyrir beinu ofbeldi af hálfu sambýlisfólks en höfðu orðið vitni að ofbeldi eða verið hótað ofbeldi. Þær sem búið höfðu við slíkar aðstæður lýstu samskonar líðan og viðbrögðum og þær sem höfðu lent í beinu ofbeldi. Þeim fannst sem öryggi þeirra væri ógnað og að heimilið væri ekki sá griðastaður sem hann hafði verið. Þær lýstu því hvernig ógnin um að verða fyrir ofbeldi hefði haft áhrif á daglegt líf þeirra og skert lífsgæði.

Náttúrulega var maður einu sinni hræddur við Jónu þegar hún tók þarna hnífakastið [...] þá varð maður verulega hræddur sko.

Af frásögnum kvennanna að dæma virðist starfsfólk sambýlanna taka ólíkt á málum sem upp koma innan heimilisins. Í kjölfar árásarinnar sem Sólveig varð fyrir af hendi sambýliskonu leið henni mjög illa. Til að hjálpa henni að takast á við afleiðingar ofbeldisins fékk hún áfallahjálp. Aðrar virðast ekki hafa fengið slíka aðstoð. Í sumum tilvikum var lögregla kölluð til en í öðrum virðist sem starfsfólk og yfirmenn sambýlanna hafi sjálft ákveðið að fást við málið. Katrín upplifði tregðu hjá starfsfólki þegar hún bað um að haft yrði samband við lögreglu til þess að hún gæti tilkynnt árás sem hún varð fyrir á heimilinu.

Já og það bara munaði rosalega litlu að ég hefði kjálkabrotnað. Og ég átti ekki einu sinni að fá að fara og gera áverkavottorð.

Sólveig og Katrín lýstu því að hafa orðið fyrir miklu áfalli vegna þess líkamlegs ofbeldis sem þær máttu þola. Þær einangruðu sig báðar inni á herbergjum sínum í marga daga eftir atvikin, fundu fyrir hræðslu og vildu ekki vera í návist þeirra sem beittu þær ofbeldi. Þrátt fyrir að líða illa á heimili sínu töldu konurnar sig ekki eiga kost á því að flytja. Þeim var gert að búa með fólki sem ógnaði þeim og óöryggið litaði daglegt líf þeirra.

Ég keypti mér skrálæsingarkeðju og ég svaf með það í herberginu mínu. Mér leið aldrei vel þarna og mér leið alltaf miklu verr og verr og verr

Í dag eru Sólveig og Katrín báðar fluttar. Þrátt fyrir að búa ekki lengur með því fólki sem beitti þær ofbeldi, sögðust þær enn finna til óöryggis þegar þær sjá, hitta eða fréttu af þessu fólki. Í tilviki Katrínar hefur ofbeldið enn áhrif á félagslega þátttöku hennar. Hún á góða vinkonu á sambýlinu

þar sem hún bjó áður. Katrín getur hins vegar ekki hugsað sér að heimsækja vinkonu sína af hræðslu við einstaklinginn sem beitti hana ofbeldi.

Ég meina þú veist ég fer ekki einu sinni þarna upp eftir. Mér er boðið í afmæli og allt svona sko. Mamma hennar Rósu hringdi: „Já og hún er bara rosalega sár.“ Ég segi: „Já, mig bara langar ekkert að koma.“ [...] Manni náttúrulega líður ekki vel þarna. Þannig að mig langar ekkert að koma þarna upp eftir lengur.

Katrín óttast að það að hún geti ekki hugsað sér að heimsækja vinkonu sína á gamla heimilið muni á endanum bitna á vináttunni.

Ofbeldi af hálfu starfsfólks

Þrjár kvennanna lýstu því að hafa orðið fyrir ofbeldi af hendi starfsfólks eða sérfræðinga stofnana sem heyra undir félags- eða heilbrigðiskerfið. Birna býr í búsetukjarna í dreifbýli. Hún þarf lítinn stuðning við daglegt líf en starfsfólk kjarnans sér um að færa henni lyf. Hún lýsir því hafa orðið reið einn morguninn þegar hún upplifði dónaskap í sinn garð. Starfsmaður kjarnans var ókurteis við hana og í kjölfarið neitaði hún að taka lyfin sín.

Ég grýtti lyfjunum í þau og sagði bara: „Takið þetta sjálf“.

Birna sýndi mótspyrnu og dónaskap sem starfsfólk búsetukjarnans sætti sig ekki við. Í kjölfarið var hún yfirbuguð með líkamlegu valdi og komið fyrir í afmörkuðu rými. Þar átti hún að vera þar til hún væri orðin róleg.

Og þau þarna sneru mig niður og héldu mér þar niðri og ætluðu að róa mig [...]. Hún sneri upp á handlegginn á mér og það heyrðist klikk. Ég fór ekki úr lið og brotnaði ekki en hún fór yfir sársaukamörkin.[...] Það var svona herbergi niðri sem er tölvuherbergi núna, og mér var bara grýtt þangað inn og mér var bara sagt að róa mig niður sko. [...] Og svo hótaði hún bara: „Æ ég hringi bara í lækinn og læt sprauta þig niður.“

Birnu var gert ljóst að það skipti ekki máli þótt hún væri reið og reyndi að berjast um. Starfsfólkið gæti, með lyfjum, náð endanlegu valdi yfir henni. Til þess kom þó ekki og Birna og starfsfólkið sættust. Birna er þó langt frá því sátt við það hvernig komið var fram við hana. Hún lítur á atvikið sem ofbeldi í sinn garð og er mjög ósátt við framkomu starfsfólksins. Valdaöjafnvægið sem ríkir milli starfsfólks stofnana og þjónustunotenda gerir það þó að verkum að valdið til að skilgreina hvað átti sér stað var ekki í höndum Birnu. Að mati starfsfólksins var ekki um ofbeldi að ræða. Það leit svo á að af Birnu stæði ógn þar sem hún var dónaleg og vildi ekki taka lyfin sín.

Eins og þau segja þá hafa þau séð skrímslið sem losnaði út hjá mér, eins og þau orða það. Það kom bara svona stærðarinnar skrímsli út úr mér sem átti ekki að koma. [...]Þetta var ekki sama manneskja og ég var. Þetta var allt annað. Þau sögðu: „við sáum hreint og beint bara djöfulinn sko“.

Í ofangreindri tilvitnun sést hvernig starfsfólkið réttlætti jafnframt gjörðir sínar með því að vísa til ills afls sem hvílir innra með Birnu.

Tvær kvennanna höfðu orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi af hendi heilbrigðisstarfsfólks eða starfsfólks á heimili sínu. Olga er hreyfihömluð. Þegar hún var á þrítugsaldri varð hún fyrir kynferðislegu ofbeldi af hálfu læknis á einkastofu hans. Læknirinn bað hana að afklæðast og leggjast á bekk til að hann gæti skoðað hana. Skyndilega og án þess að það tengdist skoðuninni, klæddi hann hana úr nærbuxunum og glennti fætur hennar í sundur. Olgu var mjög brugðið og sagði það hafa verið mikið áfall að upplifa það að læknir nýtti sér stöðu sína á þennan máta. Hún segir atvikið hafa orðið til þess að hún hafi glatað trausti til karlkyns lækna og í dag leiti hún eingöngu til lækna sem eru konur. Í eftirfarandi tilvitnun sést hvernig upplifun Olgu einkennist enn af reiði og furðu yfir því að læknir skuli hafa brotið gegn henni á þennan hátt.

Það er svona, svona með því versta sko sem að ég hef upplifað. Því þarna náttúrulega brást hann trausti sko [...] Þetta er náttúrulega ömurlagt. Og, þú veist að læknirinn gerir svona við mann.

Olgu leið mjög illa í kjölfar atviksins. Hún fann fyrir skömm og sagði engum frá ofbeldinu. Hana langaði að kæra en fannst hún ekki eiga kost á því þar sem sönnunargögn voru engin. Í ljósi þess hve ójöfn staða þeirra var taldi hún líklegt að vitnisburður læknisins yrði tekin fram yfir hennar.

Þrátt fyrir að síðan séu liðin mörg ár finnur Olga enn til sársauka þegar hún rifjar upp atvikið á læknastofunni. Það var ekki fyrr en nýlega að Olga fór að segja sínum nánustu frá ofbeldinu sem hún varð fyrir.

Í tilviki Birnu var það starfsmaður á stofnuninni sem hún býr á sem brást trausti. Hann nauðgaði henni þegar hún var tvítug og nýflutt á stofnunina. Hún hafði farið í sund að kvöldi til og verið ein í lauginni. Þegar hún kom upp úr dró hann hana inn í karlaklefa sundlaugarinnar og skipaði henni að afklæðast.

Hann hætti ekki fyrr en hann náði valdinu yfir mér og svo bara, þarna áður en ég vissi af var þetta búið að ske sko.

Iðnaðarmaður á staðnum varð vitni að nauðguninni og lét yfirmann stofnunarinnar vita. Yfirmaðurinn vitjaði Birnu stuttu eftir atvikið, ræddi við hana og „reyndi að róa“. Viðmótið sem Birna fékk frá yfirmanni og starfsfólki stofnunarinnar var fálegt og einkenndist af tortryggni. Henni voru ekki boðin viðtöl né hjálp til að takast á við reynsluna og fannst sem henni væri gert að þegja um málið. Hún sagðist hafa fundið fyrir þrýstingi á að tala ekki um atvikið og hefur ekki enn sagt fósturforeldrum sínum frá.

Þau spurðu mig rosalega mikið út í þetta: Hvað, hvað gerði hann og af hverju gerðiru þetta eins og þetta væri eitthvað mér að kenna sko. Mér leið þannig að þetta væri mér að kenna.[...] þannig að ég hef aldrei þorað að tala um þetta fyrr en núna sko.

Birna vissi ekki um afdrif þess sem nauðgaði henni og hvort athæfið hafi verið kært. Starfsmanninum var gert að hætta störfum og Birna sá hann aldrei aftur. Hún lýsir því að reynslan af ofbeldinu hafi gert hana meðvitaða um þá hættu sem steðji að henni og að hún sitji uppi með þá tilfinningu að hún þurfi að vera á varðbergi. Hún sé enn í hættu á að verða fyrir árás og þurfi að finna leiðir til að geta varið sig. Sem fyrr segir var Birna nýflutt á stofnunina og hafði þetta þau áhrif að hún upplifði mikið óöryggi á staðnum og vildi flytja burt. Það gat hún hins vegar ekki þar sem hún hefur ekki sjálfræði og fær ekki að taka ákvarðanir um eigin búsetu. Birna lýsir því að hafa einangrað sig í kjölfarið og verið sérstaklega hrædd við karlmenn.

Vanræksla í starfi og misbeiting valds

Sjö kvennanna höfðu búið á sambýli eða í sjálfstæðri búsetu með stuðningi. Konurnar töldu yfirleitt hafa ríkt góðan anda á þeim stöðum þar sem þær höfðu búið á og að samskipti milli íbúa og starfsfólks hafi verið vinaleg. Sambýli eru þó í senn heimili og starfsvettvangur og sú staða gat skapað ákveðna togstreitu. Allar konurnar lýstu því að hafa einhvern tíma átt í útistöðum við starfsfólk. Það kom fyrir að starfsfólk sýndi íbúum dónaskap, kom fram af óvirðingu eða sýndi af sér óviðeigandi framkomu. Fram komu dæmi þess að starfsfólk hafi ekki virt eignarétt íbúa og hafi verið með yfirgang á heimilinu. Konurnar lýstu því hvernig almennur pirringur í starfsfólki gat smitað út frá sér og litað daglegt líf þeirra og andrúmsloft á heimilinu, enda þurftu íbúar að vera í návist viðkomandi stóran hluta dags.

Ég vildi helst aldrei vera heima þegar hún var á vakt.

Af lýsingum kvennanna að dæma virðist sem einstaka starfsfólk hafi notast við uppeldisaðferðir til að fá íbúa til að fara að reglum og fyrirmælum. Fram komu nokkrar lýsingar á atvikum þar sem konunum var hegnt fyrir eitthvað sem var starfsfólkinu ekki að skapi. Þetta fannst þeim niðurlægjandi og upplifðu sem verið væri að koma fram við þær eins og börn. Lýsing Guðnýjar á því hvernig henni var refsað fyrir að hafa sofið yfir sig er dæmi um þetta. Einn daginn hafði Guðný átt að sjá um eldamenskuna en hafði lagt sig og ekki vaknað í tæka tíð.

Þá átti ég að elda og þá átti ég að fá svoleiðis skömmun af því ég sofnaði og ég átti að sjá um að eldamenskuna [...] ég fékk ekkert að borða það kvöld. Vegna þess að ég átti að sjá um og þá bara gleymdi ég mér og ég var þreytt og mér leið illa.

Anna var ein þeirra sem hafði búið á sambýli þar sem ákveðinn starfsmaður sýndi ítrekað af sér dónaskap og lítilsvirðingu í garð íbúa heimilisins. Svo virðist sem yfirmenn staðarins hafi ekki litið á hegðunina sem ofbeldi og þrátt fyrir ítrekaðar kvartanir íbúa var ekkert aðhafst í málinu. Í eftirfarandi tilvitnun lýsir Anna því hve íbúar sambýlisins voru valdalausir og lítið mark tekið á ábendingum þeirra. Að hennar mati er vænlegra að kvartanir komi frá foreldrum eða öðrum nánnum aðstandendum, þar sem ófatlað fólk sé frekar tekið trúanlegt.

Ég held að það sé, að ef að það kemur ekki kvörtun frá foreldrum eða aðstandendum þá er ekkert gert. Það er bara orð og þú mátt ekki reka einstaklinginn nema fyrir eitthvað ákveðið.

Það var jafnframt mat Önnu að komast mætti hjá því að starfsfólk sýndi íbúum vanvirðingu með því að gæta betur að hæfni og menntun fólks sem ráðið er til starfa á sambýlum.

Í viðtölunum var að finna nokkur dæmi um alvarlega vanrækslu af hálfu starfsfólks. Þegar fólk er háð öðrum um aðstoð er það viss tegund ofbeldis þegar aðstoðinni er haldið frá viðkomandi. Sólveig notar hjólastól og þarf að reiða sig á aðstoð starfsfólks allan sólarhringinn við athafnir daglegs lífs. Hún hringir bjöllu þegar hún þarf á aðstoð að halda.

Einu sinni þurfti ég að bíða í 4 klukkutíma eftir að komast á klósettið og það er ekki gott. Að þurfa að bíða í 4 klukkutíma bara af því að starfsmaður var í símanum.

Aðspurð um hugsanlegar ástæður tafarinnar sagðist Sólveig telja að starfsmaðurinn hafi verið í símanum og ekki nennt að hjálpa sér. Þetta atvik varð til þess að hún upplifði mikið óöryggi inni á eigin heimili.

Fólk sem starfar með fötluðu fólki og gegnir trúnaðarstörfum fær gjarnan viðkvæmar upplýsingar um persónulega hagi og aðstæður fólks. Þrjár kvennanna höfðu upplifað trúnaðarrest þegar starfsfólk misnotaði vald sitt og rauf þagnarskyldu. Anna hafði átt við andlega erfiðleika síðan í barnæsku og þegið þjónustu svæðisskrifstofunnar. Hún upplifði alvarlegan trúnaðarrest og dónaskap í sinn garð þegar starfsmaður á viðkomandi svæðisskrifstofu ræddi opinskátt um persónulega hagi hennar. Starfsmaðurinn hafði aðstoðað hana við búsetumál frá unga aldri og hafði sýnt af sér óviðeigandi hegðun í gegnum tíðina. Hann hæddi hana og gerði lítið úr því sem hún tók sér fyrir hendur. Hún hafði auk þess orðið vör við það að hann uppnefndi hana og sneri út úr nafni hennar þegar hann ræddi við hana og þegar hann talaði um hana við aðra svo hún heyrði. Anna lýsti því að eitt sinn hafi hann hafið máls á og farið að ræða opinskátt um persónuleg mál hennar að mörgum öðrum viðstöddum. Þau voru þá farin að vinna á sama vettvangi og voru á vinnutengdum fundi auk annarra.

Og hann var að niðurlægja mig og það voru vitni að þessu.

Anna bað að lokum um að mál hennar yrðu færð yfir á annan starfsmann. Hún íhugaði að kæra hann til yfirmanns en var hrædd um að sér yrði ekki trúað. Dóra og Katrín upplifuðu einnig trúnaðarrest í samskiptum sínum við starfsmenn. Líkt og Anna upplifðu þær að ekki væri borin virðing fyrir einkalífi þeirra og fannst þær ekki geta treyst á einstaklinga sem ráðnir höfðu verið til að aðstoða þær og vera þeim innan handar. Í tilviki Katrínar var einnig um að ræða starfsmann svæðisskrifstofu en Dóra hafði upplifað trúnaðarrest í samskiptum sínum við starfsfólk á

stofnuninni þar sem hún býr. Eins og áður hefur komið fram hafði Dóra orðið fyrir miklu ofbeldi um ævina.

Mér finnst fólkið hérna aðeins, eh, það má, raunverulega má maður ekki segja starfsfólki allt sem maður vill því þá er það komið út um allt. Það lekur bæði í starfsmenn og íbúa.

Þar sem Dóra gat ekki treyst starfsfólki fyrir persónulegum upplýsingum fannst henni hún engan geta rætt við þegar upp komu vandamál. Dóra segir að samskipti milli íbúa og starfsfólks hafi í gegnum tíðina verið erfið og einkennst af miklu vantrausti. Þetta hafi hins vegar hægt og rólega verið að breytast. Á stofnunina hafði komið hópur fólks sem fræddi bæði starfsfólk og íbúa um réttindi fatlaðs fólks og dreifði bæklingum. Eftir þessa heimsókn skapaðist aukin umræða um réttindi íbúa og í kjölfarið bötnuðu samskiptin til muna.

Það var soldið, starfsfólkið var soldið að að ráðskast með mig. En það er ekki lengur eftir að það er búið að fá meiri upplýsingar um okkar réttindi. [...] Þannig að núna eru starfsmenn orðnir opnari gagnvart okkur og farnir að, líka farnir að treysta okkur meira heldur en þau gerðu og svona. Og skilja okkur betur, okkar þarfir og hvað við viljum sem var ekki áður.

Dóra lýsti því jafnframt að réttindagæslukona svæðisins hafi verið áberandi og hafi meðal annars staðið fyrir námskeiði fyrir bæði íbúa og starfsfólk. Lífið á stofnuninni hafði því tekið miklum breytingum sem var bæði starfsfólki og íbúum í hag.

Þvingun og valdbeiting af völdum kerfislægra þátta

Fram hefur komið að viss atvik urðu til þess að konurnar glötuðu trausti til starfsfólks. Þegar hefur verið vikið að því að Anna hafði samband við svæðisskrifstofuna og bað um að mál sín yrðu færð úr höndum þess sem misnotaði stöðu sína og persónulegar upplýsingar um hana. Aðrar konur þurftu hins vegar áfram að reiða sig á hjálp einstaklinga sem þær höfðu misst traust til. Konurnar lýstu því hvernig þær fengu almennt litlu ráðið um þá þjónustu sem þær þurftu að reiða sig á. Ef þær væru óánægðar með þá kosti sem þeim stóðu til boða var erfitt að fá þeim breytt. Margar þurftu að treysta á hið opinbera til að sjá sér fyrir húsnæði. Jafnvel þó sótt væri hart að því að fá flutning, var slíkt torvelt. Katrín hafði orðið fyrir ofbeldi af hálfu sambýlings og upplifði mikið óöryggi. Í kjölfarið reyndi hún, með aðstoð fjölskyldu sinnar, að fá flutning á annað sambýli en var ítrekað synjað. Eftir langa bið réði fjölskylda Katrínar sér lögfræðing og þá leystist málið.

Sumar kvennanna höfðu þurft að flytja á sambýli mjög ungar að aldri. Það reyndist þeim erfitt og fram komu lýsingar á óöryggi og vanlíðan yfir því að búa fjarri fjölskyldunni. Sunneva var ung flutt á sambýli og lýsir því að hafa liðið illa þar og verið kvíðin.

Mér fannst það ekki auðvelt að heyra í bilunum öllum, það var svo mikil umferð... ég var farin að strjúka til mömmu á nóttunni.



Af þeim sjö konum sem bjuggu á heimilum fyrir fatlað fólk höfðu þrjár flutt oftast en einu sinni á milli ólíkra stofnana. Guðný átti sér langa sögu um óörugg búsetuskilyrði. Upphaflega fékk hún vistun á endurhæfingastofnun sem, þrátt fyrir að vera skammtímaúrræði, var heimili Guðnýjar í tæpt ár. Guðný lýsir því að hafa verið „sett þangað inn“ gegn vilja sínum og að henni hafi ekki liðið vel þar. Þaðan flutti hún á sambýli. Á sambýlinu varð hún vitni að miklu ofbeldi eins og áður var vikið að. Hún átti lítið sameiginlegt með öðrum íbúum og ljóst er að það hentaði illa þörfum Guðnýjar að búa á sambýli. Guðný vildi búa sjálfstætt og fékk leigða íbúð í fjölbýlishúsi sem var á vegum félagsþjónustunnar. Í fjölbýlishúsinu voru margar félagslegar íbúðir og Guðný varð fyrir miklu áreiti frá nágrönnum. Íbúðin var illa einangruð og Guðnýju var alltaf kalt og upplifði mikið öryggisleysi. Á þessum tíma glímdi hún við mikil og endurtekin veikindi og eftir dálítinn tíma kom í ljós alvarlegur sveppavöxtur í íbúðinni. Hún fékk aftur á móti lítinn stuðning við að finna lausn á málinu.

Og það vildi enginn gera neitt og ég þurfti að fá yfirmann í málefnum fatlaðra, ég þurfti að fá meindýraeyði, ég þurfti að fá alls konar fólk sem vann í þessum geira og það tók tvö ár. Og ég var oft veik.

Eftir langa baráttu var Guðnýju fundið nýtt húsnæði í öðru fjölbýlishúsi á vegum félagsþjónustunnar. Hún býr enn við óöruggar aðstæður. Hún hefur ítrekað orðið vitni að ofbeldi og eiturlyfjaneyslu hjá nágrönnum sínum. Hún hefur oft orðið hrædd og óttast um eigið öryggi. Hún ræður hins vegar ekki hvar hún býr og þarf að sætta sig við aðstæður sínar, eins og sést í eftirfarandi tilvitnun:

Mig langar ekki að búa í þeim aðstæðum sem ég bý í dag [...] en ég hef ekkert val, ég hef ekkert val hvar ég bý eða vinn. [...]

Konurnar sögðu jafnframt frá því hvernig vinnulag á sambýlum og stofnunum gat falið í sér ögun og valdboð. Birna lýsir því að þurfa að fá leyfi hjá forstöðumanni stofnunarinnar þegar kemur að ákvörðunum er varða daglegt líf hennar. Hún ráði því til að mynda ekki að fullu hvernig hún ráðstafar peningum sínum, hvar hún kaupir í matinn og hvert hún ferðast. Birna er ekki ein um að geta ekki hagað daglegu lífi eftir eigin höfði heldur á þetta við alla íbúa stofnunarinnar. Þetta eru viðteknir starfshættir á staðnum sem hún býr á. Þegar rannsakandi hitti Birnu hafði hún ráðgert að heimsækja kærasta sinn nokkrum dögum seinna, á afmælisdegi hans, og vera yfir nótt:

Það er að segja ef ég fæ leyfi fyrir því.

Birna var ekki bjartsýn á að fá leyfi forstöðumanns fyrir heimsókninni. Að sögn Birnu voru viðbrögðin sem íbúar fengu frá starfsfólki oft á þá leið að fyrirætlanir þeirra rúmuðust ekki innan dagskrár stofnunarinnar. Birna kvað óréttlæti af ýmsum toga fylgja vinnulagi stofnunarinnar. Erfitt væri þó fyrir íbúa að leita aðstoðar utanaðkomandi aðila þar sem stofnunin er á dreifbýlu svæði.

Þannig myndaðist ákveðin hættu á því að starfsfólk gæti notfært sér þekkingarleysi íbúa á réttindum sínum.

Konur, sem búið höfðu á sambýlum, deildu svipaðri reynslu. Konurnar sögðu frá atvikum þar sem vinnulag á sambýlum hafi verið það ósveigjanlegt að það hafi komið í veg fyrir að þær gætu tekið sjálfstæðar ákvarðanir um eigið líf. Þær lýstu því hvernig íbúar á sambýlum þyrftu að aðlaga sig að þjónustunni og stofnuninni í það miklu mæli að það græfi undan sjálfræði þeirra. Katrín þurfti til að mynda að fara að sofa á ákveðnum tíma sökum þess að aðstoð var einungis veitt á ákveðnum tímum sólarhrings. Hún gat ekki leyft sér að borða sælgæti á kvöldin þar sem það var ekki í verkahring næturvaktar að tannbursta fólk og sömuleiðis réði hún því ekki hvenær hún færi í sturtu þar sem fylgja þurfti ákveðinni dagskrá. Í dagskránni var enginn sveigjanleiki til að leyfa skyndi- eða geðþóttaákvarðanir eða gera ráð fyrir óvæntum uppákomum eða slysum.

Margar konur lýstu því að þeim fyndust vinnureglur á sambýlum og öðrum stofnunum vega að sjálfstæði og sjálfræði þeirra. Á sumum sambýlum tíðkast að skrifa um íbúa og daglegar athafnir þeirra í möppur eða bækur án þeirra vitundar. Katrín hafði komist að þessu fyrirkomulagi og fannst þetta niðurlægjandi og fela í sér hlutgeringu.

Þá var skrifað þú veist eitthvað, fór í Kringluna, settumst á kaffihús og fékk sér köku og kók og og ég bara guð minn góður er verið að skrifa þetta, þú veist. Mér finnst þetta alveg hræðilegt.

Þorgerður hafði nokkuð ólíka sögu að segja þegar talið barst að sjálfræði. Hún bjó sjálfstætt en hafði reynslu af íhlutun barnaverndaryfirvalda frá því í barnæsku. Þorgerður á í dag tvö lítil börn og hefur barnavernd verið hluti af þeirra daglega lífi frá því að hún gekk með eldra barnið. Hana langar til að eignast fleiri börn en upplifir þrýsting frá barnaverndaryfirvöldum.

Ég ætla að eiga tvö í viðbót. Ef að barnaverndarnefndin leyfir mér það.

Þorgerður upplifði íhlutun barnaverndaryfirvalda ekki sem stuðning við fjölskylduna. Þvert á móti leit hún á barnaverndina sem ógn og var meðvituð um vald þeirra til að taka börnin af henni.

Þrjár kvennanna höfðu reynslu af því að dveljast á geðdeild. Þetta voru þær Valdís, Guðný og Herdís. Að þeirra mati einkenndust starfshættir og viðtekið verklag deildanna af valdbeitingu og starfsfólk réði því hvernig þær athöfnuðu sig meðan á dvölinni stóð. Mikil áhersla var á reglur og þeim fannst starfsfólk vera kuldalegt í viðmóti.

Já og þú ert eiginlega hunsuð með fullt af skipunum. [...] Það er ekkert lagt í að halda utan um einstaklinginn eða neitt. Þú getur bara átt þig allan daginn og svo þarftu að fara að sofa á ákveðnum tíma, tíu.

Reglurnar sem konunum var gert að hlýta gátu falið í sér lítilsvirðingu. Herdís gaf dæmi um þess háttar valdboð. Hún upplifði vanvirðingu í sinn garð þegar hún var beðin að búa betur um rúmið

sitt. Þar birtist valdaójafnvægi milli starfsfólks og sjúklinga í því að hinum síðarnefndu ber að hlýta reglum sem varða á engan hátt heilsu þeirra eða meðferð.

Það er horft á mann borða og mikil áhersla lögð á, eða var alla vegana, að maður búi vel um rúmið sitt og ég var einu sinni beðin um að búa aftur um rúmið mitt vegna þess að ég gerði það ekki nógu vel. Ég var 45 ára þá.

Konurnar lýstu því einnig að mikil áhersla hafi verið á lyfjainntöku og að lítið hafi verið fyrir stafni fyrir fólk sem dvaldi á geðdeildunum. Þær fengu fá viðtöl við lækna og litla sem enga endurhæfingu. Konurnar höfðu mjög neikvæða upplifun af þess háttar úrræðaleysi og lýsti Herdís því hvernig fólk ráfaði um ganga stofnunarinnar í lyfjamóki til að láta daginn líða.

Og eins bara þetta aðgerðaleysi, umhyggjuleysi og þú ert bara ekki á staðnum. Þú ert bara eitthvað núll og þú ert labbandi þarna eins og eitthvað zombie.[...] Í huganum er þetta bara myrkur þarna inni.

Herdís varð vitni að líkamlegri valdbeitingu starfsmanna gegn öðrum skjólstæðingum. Þetta vakti hjá henni mikinn óhug og óöryggi. Í eftirfarandi tilvitnun lýsir hún því þegar fötluð kona á deildinni var dregin af þremur karlmönnum úr herberginu sínu inn í annað herbergi og sprautuð niður.

Hún var dregin og haldið um hendurnar. Málið var tekið af henni. Hún var að reyna að segja nei, ég vil þetta ekki. Maður sá það alveg. Hún barðist um. [...] Þetta situr alveg ofboðslega í mér.

Að sögn Herdísar dvaldi umrædd kona í einstaklingsherbergi og vel hefði verið hægt að sinna henni þar. Þess í stað var hún færð yfir í annað herbergi þannig að fólk varð vitni að atvikinu. Með aðgerðum á borð við þessa fálust því óbein skilaboð til annarra vistmanna um að þeim bæri að hegða sér á viðeigandi hátt.

TENGLS OFBELDIS OG FÖTLUNAR

Af reynslu kvennanna að dæma er ljóst að þær eru í viðkvæmri stöðu gagnvart því að verða fyrir ofbeldi. Þegar fólk þarf að reiða sig á hjálp annarra getur skapast valdaójafnvægi og hættan á ofbeldi eykst. Eins og komið hefur fram getur umönnunartengt ofbeldi tekið á sig margar myndir og meðal annars birst í því að fólki er neitað um aðstoð. Eins og áður hefur komið fram þurfti Sólveig að bíða í fjórar klukkustundir eftir aðstoð starfsmanns á sambýli þar sem hún bjó. Olga lýsti áhyggjum sínum af valdaójafnvæginu sem myndaðist milli fatlaðs fólks og starfsfólks á stofnunum. Að hennar mati gæti starfsfólk auðveldlega misnotað aðstöðu sína ef vilji væri fyrir hendi.

Mér dettur helst í hug að það séu konur sem eru svona í viðkvæmri stöðu eins og konur sem eru á sambýlum og kannski með þroskahömlum, að þær eru náttúrulega varnarusari eða í viðkvæmari stöðu heldur en margar aðrar. [...] Og ef að starfsfólkið er ekki þeim mun vandaðara að þá eru þær náttúrulega í meiri hættu.

Ljóst er að starfsfólk sem starfar með fötluðu fólki er í ákveðinni valdastöðu. Því er gert að sjá til þess fólk fari að reglum og kann að túlka ákveðna valdbeitingu sem hluta af sínu starfi. Dæmi um slíkt má til dæmis sjá í lýsingum viðmælenda á vinnulagi og starfsháttum á geðdeildum. Reynsla Birnu er einnig dæmi um slíka valdbeitingu. Í hennar tilfelli ákváð starfsfólk að beita hana líkamlegu valdi þegar hún vildi ekki taka lyfin sín og sýndi þeim reiði. Þessi dæmi sýna hvernig kerfislægir þættir ýttu undir það að valdi var beitt gegn konunum.

Tengsl ofbeldis og fötlunar birtust einnig í því hvernig sumir ofbeldismenn nýttu sér skerðingu kvennanna til að koma vilja sínum fram. Áður hefur verið fjallað um nauðgunina sem Sólveig varð fyrir af fyrrum kærasta. Í því dæmi sést hvernig hann notfærði sér hreyfihömlun hennar og þá staðreynd að hún gat hvorki veitt mótspyrnu né hrópað á hjálp. Þegar fósturforeldrar Birnu sviptu hana sjálfræði eins og komið hefur fram nýttu þeir sér þekkingarleysi hennar á lögum og reglum. Konurnar töldu konur með þroskahömlun vera sérstaklega viðkvæman hóp. Fríða lýsir því hvernig ofbeldisfólk gæti reynt að nýta sér skerðingu kvenna með þroskahömlun með því að svíkja þær og blekkja.

Það er hægt að plata okkur meira, við sem erum meira, þeir sem að eru meira fatlaðir eru, eins og, kannski þeir sem að eru með Downs heilkenni og eru miklu meira skertari, [...] þau eru seinni að fatta hvað er að gerast í kringum sig.

Fríða telur að konur með þroskahömlun viti ekki af öllum hættunum sem leynist í umhverfinu. Hún hafði kynnst því af eigin raun að verða fyrir kynferðislegu ofbeldi af hálfu ókunnugs manns sem blekkti hana upp í bíl með sér eins og áður hefur komið fram. Hún hafði ekki fengið viðhlítandi fræðslu og ekki áttað sig á hættunni.

Andlegt ofbeldi sem konurnar lýstu fólst í því að upp var dregin afbökun og ósönn mynd af viðkomandi þar sem skerðingin er allsráðandi, í því skyni að meiða og særa. Dæmi um þetta eru til dæmis neikvæðar og niðrandi athugasemdir eiginmanns Olgu sem beindust að skerðingu hennar.

Þá fékk ég að heyra að ég væri getulaus, það er ekki samt í kynferðislegri merkingu heldur bara að ég geti ekki hluti og svona. [...] Og svo fékk ég að heyra að það væri óþolandi þegar við vorum einhversstaðar í boðum að hann þyrfti að ná í mat fyrir mig og svona, að hann gæti aldrei slakað á. Að fötlunin færi í taugarnar á honum og svona.

Með því að gera lítið úr henni og leggja áherslu á þörf hennar fyrir aðstoð undirstrikaði hann jafnframt valdaójafnvægið í sambandi þeirra. Í tilviki Fríðu var markmið systur hennar ekki að meiða heldur að draga kjarkinn úr henni og fá hana til að fara í fóstureyðingu. Systir hennar hafði komist að því að Fríða væri ófrísk og vildi ekki að hún ætti barnið. Hún beitti hana miklum þrýstingi þar til loks Fríða gafst upp og lét undan.

Hún tuðaði örugglega hundrað sinnum, milljón sinnum: „Þú ert þroskaheft, þú ert þroskaheft, þú getur þetta ekki.“ [...] Og ég sagði: „Ég get alveg, við getum alveg hlutina ef við fáum að gera hlutina.“

Með því að endurtaka í sífellu að Fríða væri þroskaheft, var sem Fríða væri ekkert nema skerðingin. Fríða bjó við góðar aðstæður og hefði getað, með stuðningi, annast og alað upp barnið.

Lýsingar viðmælenda á einelti, sem þær urðu fyrir í skólum, benda til þess að skerðingin hafi átt þátt í því að þær skáru sig úr barnahópnum og gerði þær útsettar fyrir stríðni. Í tilfalli Olgu ríkti lítill skilningur meðal samnemenda á því að göngulag hennar væri öðruvísi.

Ég hérna hef til dæmis alltaf verið svona dettin, þarf lítið til að detta og svona og sumir höfðu gaman af því að stugga við mér af því þá datt ég bara.

Börnin gerðu lítið úr henni með því að stugga við henni og einnig var gert grín að göngulagi hennar.

Viðmælendur lýstu því jafnframt hvernig umhverfið hefði oft og tíðum ekki nægan skilning á þörfum þeirra og hefði ekki veitt nægan stuðning. Þetta skilningsleysi og andvaraleysi gagnvart þörfum þeirra gat leitt af sér ofbeldi. Faðir Herdísar var alkóhólisti og beitti hana líkamlegum refsingum. Hún lýsir því einnig að hún hafi verið vanrækt af foreldrum sínum sem höfðu lítinn skilning á námsörðugleikum hennar. Herdís var sein til að læra að lesa og átti erfitt með að fylgja skólafélögum og fannst hún sífellt valda foreldrum sínum vonbrigðum. Foreldrar Herdísar álitu þetta til marks um leti og agaleysi og veittu henni lítinn stuðning.

Já, hirtingar og svo var heldur enginn stuðningur við mann, ekki neitt. Fólk skildi þetta ekki. Skildi ekki af hverju ég gat ekki lesið, skildi ekki af hverju mér gekk ekki nógu vel þarna. Ég er fyrsta barn [...] og ég átti náttúrulega að vera frábærust og best og stóð bara ekki undir væntingum.

Námsörðugleikar Guðnýjar voru einnig álitnir leti eins og fjallað var um í kaflanum um einelti í skóla. Skilnings- og aðgerðaleysi skólans leiddi af sér frekara ofbeldi af hálfu barnanna.

Ljóst er að undirokuð staða viðmælenda í samfélaginu hefur átt þátt í að auka líkur á að þær yrðu fyrir ofbeldi. Erfitt var hins vegar að greina hvort reynslan af því að vera fötluð kona hafi litað upplifun viðmælenda af ofbeldinu sem þær urðu fyrir. Einungis ein kvennanna ræddi opinskátt um eigin upplifun á þessum tengslum. Eins og áður hefur komið fram varð Olga fyrir kynferðislegu ofbeldi af hendi læknis. Í kjölfar ofbeldisins leið henni mjög illa. Ofbeldið fannst henni endurspegla og undirstrika valdaójafnvægið á milli þeirra.

Ég hafði það svo sterkt á tilfinningunni að hann leyfði sér þetta vegna þess að ég er ung fötluð kona. [...] Ég hugsaði eins og ég segi: Hann leyfir sér þetta ekki við hvern sem er. Ímyndaði ég mér, og auðvitað gerir hann þetta við mig af því ég er fötluð náttúrulega og



hann lítur á mig eins og einhvern aumingja og allt þetta sko. Þess vegna leyfði hann sér þetta.

Í orðum Olgu sést hvernig upplifun hennar af atvikinu tengist jafnframt reynslu hennar af því að vera fötluð kona og þeim viðhorfum sem hún finnur í sinn garð. Reynsla hennar af því að tilheyra undirokuðum hópi í samfélaginu hafði áhrif á hvernig hún upplifði ofbeldið og jók á neikvæðar tilfinningar í garð þess sem átt sér stað.

TILLÖGUR AÐ ÚRBÓTUM

Flestar konurnar áttu langa sögu um undirokun og ofbeldi. Ofbeldið var margháttað, allt frá einelti í æsku til kynferðislegs ofbeldis af hendi maka eða starfsfólks á heimilum fyrir fatlað fólk. Ljóst er að staða þeirra sem fatlaðra kvenna ýtti undir ofbeldið. Til dæmis sögðu konurnar frá ofbeldisfullum atvikum sem þær höfðu orðið fyrir eða orðið vitni að á sambýlum. Þá beindist ofbeldi í æsku og af hendi maka í sumum tilvikum að þeim skerðingum sem þær voru með. Frásagnir kvennanna bentu í mörgum tilfellum til þess að þær hafi ekki fengið þá aðstoð og stuðning sem þær þurftu til að vinna úr ofbeldinu. Þvert á móti hafi ofbeldinu verið viðhaldið með aðgerðarleysi og þöggun. Í ljósi þessara niðurstaðna eru settar fram eftirfarandi tillögur að því hvernig megi fyrirbyggja ofbeldi gegn fötluðum konum og styðja betur við bakið á þeim sem hafa verið beittar ofbeldi.

- Þögguninni sem ríkti um það ofbeldi sem konurnar urðu fyrir var á vissan hátt viðhaldið af kerfislægum þáttum svo sem skertu aðgengi kvennanna að félagslegri og réttarfarslegri aðstoð. Mikilvægt er að rannsaka nánar hvernig kerfislægir þættir geta hindrað fatlaðar konur í að sækja stuðning og tilkynna um ofbeldi sem þær hafa orðið fyrir. Tryggja þarf aðgengi fatlaðra kvenna að félagslegri og sálfræðilegri ráðgjöf og stuðla að aukinni sérhæfingu innan félagskerfisins til að mæta þörfum þeirra.
- Niðurstöður benda til þess að þörf sé á almennri vitundarvakningu um ofbeldi gegn fötluðum börnum. Það verður meðal annars gert með öflugum framboði á fræðslu til starfsfólks í skólum, félagsmiðstöðvum og til annarra aðila sem koma að þjónustu við fötluð börn og fjölskyldur þeirra.
- Niðurstöður varpa ljósi á einelti gegn fötluðum börnum og kalla á áframhaldandi rannsóknir á tengslum eineltis og fötlunar. Þá er mikilvægt að skoða hvaða árangur hefur náðst með eineltisáætlunum sem flestir skólar starfa nú eftir. Mikilvægt er að kennarar og skólayfirvöld séu vakandi fyrir einelti gegn fötluðum börnum og þekki hvernig eigi að bregðast við. Niðurstöður undirstrika einnig mikilvægi þess að komið sé til móts við ólíkar námsþarfir barna í skólastarfi.
- Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að þörf er á aukinni kynfræðslu til fatlaðra kvenna, ekki síst kvenna með þroskahömlun, og eru samhljóða rannsókn Maríu Jónsdóttur (2010). Brynt er að stuðla að samfelli í kynfræðslu allt frá grunnskólaladri og fram eftir aldri um hvernig eigi að setja mörk í kynlífi og hver séu einkenni kynferðislegs ofbeldis. Jafnframt er þörf á fræðslu þar sem fjallað er um kynheilbrigði og samskipti í víðu samhengi. Hefja

þarf umræðu um hvað einkennir gott parasamband, um kúgun og valdaójafnvægi í samböndum.

- Brýnt er að rannsaka frekar vinnulag og starfsemi á stofnunum fyrir fatlað fólk og áhrif þess á sjálfræði íbúa. Jafnframt þarf að skoða hvernig staðið er að eftirliti með innra starfi á heimilum fatlaðs fólks. Á slíkum stöðum er það gjarnan starfsfólk sem býr til reglur og sér til þess að þeim sé framfylgt. Valdið er því að mestu leyti í höndum þess. Rannsaka þarf hvort viðtekið verklag og starfshættir séu í samræmi við þarfir íbúa og skoða með tilliti til Sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.
- Niðurstöður gefa til kynna að endurskoða þurfi þau búsetuúrræði sem bjóðast fötluðu fólki með sjálfræði fatlaðs fólks að leiðarljósi. Fatlað fólk þyrfti líkt og annað fólk að geta ráðið hvar það býr og með hverjum. Ein leið til að efla sjálfræði fatlaðs fólks er notendastýrð persónuleg aðstoð. Mikilvægt er að sjá til þess að notendastýrð persónuleg aðstoð sé valkostur og efla fræðslu til fatlaðs fólks um úrræðið.
- Ljóst er að starfsfólk hefur mikil áhrif á daglegt líf fatlaðs fólks sem býr á sambýlum. Niðurstöður benda til þess að huga þurfi betur að menntun og hæfni þeirra sem ráðnir eru til starfa í slíkum búsetuúrræðum. Finna þarf leiðir til að hefja starfið til virðingar, til að mynda með kröfu um sérþekkingu á málefnum fatlaðs fólks.
- Nýlega var komið á fót réttindagæslu fyrir fatlað fólk. Réttindagæslumenn hafa það hlutverk að standa fyrir fræðslu um réttindi fatlaðs fólks og aðstoða það við að ná fram rétti sínum. Mikilvægt er að fylgja þessu verkefni vel eftir og tryggja aðgengi fatlaðs fólks að réttindagæslumönnum síns svæðis.
- Samkvæmt niðurstöðum rannsóknarinnar má merkja ákveðna viðhorfsbreytingu hjá starfsfólki á stofnunum fyrir fatlað fólk. Ætla má að með tilkomu réttindagæslumanna verði auðveldara fyrir fatlað fólk að afla sér upplýsinga um réttindi sín. Ekki má þó gera ráð fyrir því að vinnulag breytist af sjálfu sér. Brýnt er að fylgja eftir aukinni fræðslu með rannsóknum og sjá til þess að hún skili sér í starfsháttum sem ýta undir sjálfræði íbúa.
- Endurskoða þarf starfsemi inni á geðdeildum meðal annars með tilliti til Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Niðurstöður benda til þess að viðtekið verklag feli í sér valdbeitingu, að samskipti starfsfólks og skjólstæðinga byggji á valdaójafnvægi og að styðja þurfi við sjálfsefndi úrræði fyrir fólk með geðraskanir.
- Hugsa verður að því valdaójafnvægi sem virðist einkenna samskipti starfsfólks barnaverndar og kvenna með þroskahömlun. Tryggja þarf að starfshættir stofnunarinnar



séu sjálfsefandi en ekki stýrandi. Byggja þarf upp sérþekkingu innan barnaverndar til að mæta þörfum seinfærra foreldra.

- Í ljósi þessarar rannsóknar er mikilvægt að kanna hvort fatlaðar konur búi við þvinganir sem ætlað er að hindra þær í að eiga börn.
- Niðurstöður kalla á frekari rannsóknir á lagasetningum og verklagi varðandi sjálfræðissviptingar og hvort núverandi fyrirkomulag uppfylli kröfur Sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks sem Ísland er að innleiða.
- Mikilvægt er að stuðla að fjárhagslegu sjálfstæði fatlaðra kvenna og rjúfa félagslega einangrun. Konur sem eru háðar maka um fjárhag geta átt erfitt með að brjótast út úr ofbeldissamböndum. Félagsleg einangrun getur enn fremur hindrað þær í að leita sér aðstoðar og stuðnings. Það er því brýnt að niðurskurður í hinu félagslega kerfi bitni ekki á félagslegum úrræðum fyrir fatlað fólk. Til slíkra úrræða telst til dæmis liðveisla og dagþjónusta sem miðar að því að auka hæfni fatlaðs fólks til starfa og þátttöku í daglegu lífi. Jafnframt er mikilvægt að tryggja að bætur til fólks sem ekki getur stundað vinnu sökum veikinda eða fötlunar dugi fyrir lágmarks framfærslu.
- Þátttakendur í rannsókninni voru fáir og því er ljóst að rannsaka þarf ofbeldi gegn fötluðum konum enn frekar. Jafnframt er vert að skoða nánar tengsl fötlunar og ofbeldis. Niðurstöður sýna að fötlun getur verið í senn orsakavaldur og afleiðing ofbeldis. Rannsaka þyrfti á hvaða hátt félagslegar aðstæður fatlaðra kvenna og hindranir þeim tengdar gera þær að viðkvæmum hópi fyrir ofbeldi. Með því móti er jafnframt hægt að bera kennsl á frekari þætti sem þarfnast úrbóta.



HEIMILDIR

- Anni G. Haugen (2009). *Rannsókn á ofbeldi gegn konum: Viðbrögð félagsþjónustu og barnaverndar*. Reykjavík: Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd og Félags- og tryggingamálaráðuneytið.
- Barrett, K.A., O'Day, B. B., Roche, A., Carlson, B.L. (2009). Intimate partner violence, health status, and health care access among women with disabilities. *Women's Health issues, 19*, 94-100.
- Brownridge, D.A., Ristock, J. og Hiebert-Murphy, D. (2008). The high risk of IPV against Canadian women with disabilities. *Medical Science Monitor, 14*(5), 7-32.
- Bogdan, R.C. og Biklen, S.K. (1998). *Qualitative research in education: An introduction to theory and methods* (3. útgáfa). Massachusetts: Allyn & Bacon.
- Brynja Örylgisdóttir (2010). Ofbeldi gegn konum með líkamlega fötlun. Í Erla Kolbrún Svavarsdóttir (ritstjóri), *Ofbeldi: margbreytileg birtingarmynd* (bls. 117-138). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Copel, L.C. (2006). Partner abuse in physically disabled women: A proposed model for understanding intimate partner violence. *Perspective in Psychiatric Care, 42*(2), 114-129.
- Curry, M. A., Hassouneh-Phillips, D., Johnston-Silverberg, A. (2001). Abuse of women with disabilities: An ecological model and review. *Violence Against Women, 7*. 60-79.
- Cramer, E. P., Gilson, S. F., Depoy, E. (2008). Women with disabilities and experiences of abuse. *Journal of Human Behavior in the Social Environment, 7*. 183-199.
- Elísabet Karlsdóttir og Ásdís A. Arnalds. (2010). *Rannsókn á ofbeldi gegn konum: Reynsla kvenna á aldrinum 18 – 80 ára á Íslandi*. Reykjavík: Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd og Félags- og tryggingamálaráðuneytið.
- Guðrún Helga Sederholm (2010). *Rannsókn á ofbeldi gegn konum: Þjónusta 11 félagasamtaka*. Reykjavík. Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd og Félags- og tryggingamálaráðuneytið.
- Guðrún V. Stefánsdóttir (2011). Sjálfræði og ófrjósemisaðgerðir á konum með þroskahömlun. [Rafræn útgáfa], *Ráðstefnurit Netlu – Menntavika*.
- Hague, G., Thiara, R., McGowan, P. og Mullendar, A. (e.d.). *Making the Links: Disabled Women and Domestic Violence*. Sótt 20. febrúar 2013 af:



http://www.google.is/url?sa=t&rct=j&q=&esrc=s&source=web&cd=2&ved=0CC4QFjAB&url=http%3A%2F%2Fwww.womensaid.org.uk%2Fcore%2Fcore_picker%2Fdownload.asp%3Fid%3D1763&ei=EwQmUZaHOoOKhQfzq4DQAw&usq=AFQjCNENrEnCsVf05TsTV-rhTnrQfdQQmw

- Hanna Björg Sigurjónsdóttir og Rannveig Traustadóttir. (2001). *Ósýnilegar fjölskyldur: Seinfærar/proskaheftar mæður og börn þeirra*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Howe, K. (2000). *Violence against women with disabilities: An overview of the literature*. Sótt 21. janúar af <http://www.wwda.org.au/keran.htm>
- Mayes, R., Llewellyn, G., og McConnell, D. (2006). Misconception: The Experiences of Pregnancy for Women with Intellectual Disabilities. *Scandinavian Journal of Disability*. 8, 120-131.
- Mays, J. M. (2007). Feminist disability theory: Domestic violence against women with a disability. *Disability & society*. 21(2), 147-158.
- Martin, S. L., Ray, N., Sotres-Alvarez, D., Kupper, L. L., Moracco, K. E., Dickens, P. A., et al. (2006). Physical and sexual assault of women with disabilities. *Violence against women*, 12, 823.
- Nosek, M. A., Howland, C., Rintala, D. H., Young M. E., og Chanpog, G. F. (2001). National study of women with physical disabilities: Final report. *Sexuality and Disability*, 19, 5.
- Nosek, M. A., Hughes, R. B., Swedlund, N, Taylor, H. B. og Swank, P. (2003). Self-esteem and women with disabilities. *Social Science and Medicine*, 56(8), 1737-1747.
- Olsvik, V.M. (2006). Vulnerable, exposed, and invisibel: A study of violence and abuse against women with physical disabilities. *Scandinavian Journal of Disability Research*, 8(2-3), 85-98.
- Plummer, S. og Findley, P. A. (2012). Women with disabilities' experience with physical and secual abuse: Review of the literature and implications for the field. *Trauma Violence Abuse*. 13.
- Rannveig Traustadóttir. (2006). Í nýjum fræðaheimi: Upphaf fötlunarfræða og átök ólíkra hugmynda. Í Rannveig Traustadóttir (ritstjóri), *Fötlun: Hugmyndir og aðferðir á nýju fræðasviði* (bls. 13-37). Reykjavík: Háskólaútgáfan.



-
- Rose, C. A., Monda-Amaya, L. E. og Espelage, D.L. (2010). Bullying perpetration and victimization in special education: A review of the literature. *Remedial and Special Education*, 32(2).
- Smith, D. (2008). Disability, gender and intimate partner violence: Relationships from the Behavioral Risk factor Surveillance System. *Sexuality and Disability*, 26(1).
- Sobsey, D., og Doe, T. (1991). Patterns of sexual abuse and assault. *Journal of Sexuality and Disability*, 9(3), 243-259.
- Sullivan, P. M. og Knutson, J. F. (2000). Maltreatment and disabilities: A population-based epidemiological study. *Child Abuse and Neglect*, 24, 1257-1274.
- Svavarsdóttir, E.K. og Orlygsdóttir, B. (2008). Effect of abuse by a close family member on health. *Journal of Nursing Scholarship*, 40(4), 311-318.
- Thiara, R. K., Hague, G., Bashall, R., Ellis, B. og Mullender, A. (2012). *Disabled Women and Domestic Violence, Responding to the Experience of Survivors*. London and Philadelphia: Jessica Kingsley Publisher.
- Tøssebro, J. (2004). Introduction to the special issues: Understanding disability. *Scandinavian Journal of Disability Research Special Issue og Understanding Disability*, 6, 3-7.
- Vilborg Jóhannsdóttir og Freyja Haraldsdóttir. (2011). Verður fatlað fólk fyrir kerfislausu og menningarbundnu ofbeldi í íslensku samfélagi? [rafræn útgáfa]. Í S.B. Ómarsdóttir (ritstj.) *Rannsóknir í félagsvísindum XII*. (Bl. 143-150). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. Sótt 22. janúar af:
http://skemman.is/stream/get/1946/10251/25562/3/Rannsoknir_%C3%AD_felagsvisindum_XII_Stjornmalaf%C3%A6dideild.pdf
- Westcott H, og Cross M. (1996). *This Far and no Further: Towards Ending the Abuse of Disabled Children*. Birmingham: Venture Press.
- World Health Organization. (2012). *Understanding and addressing violence against women: Overview*. Sótt 22. janúar af:
http://apps.who.int/iris/bitstream/10665/77433/1/WHO_RHR_12.35_eng.pdf
-